

BÍÓ

290. tbl. mars 2018

# MYNDIR

mánaðarins



JENNIFER LAWRENCE

## RED SPARROW

TAKTU VIÐ STJÓRNINNI

FRUMSÝND 2. MARS



 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylytols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii

 Borða  Drekka tyggja 



# TÍFALDAÐU GÍGABÆTIN!

Með Heimilispakkann og farsímaáskrift hjá Símanum fær fjölskyldan 10x meira gagnamagn á farsímanetinu.

**Þú getur 10x meira með Símanum**

$$\text{📶} + \text{📺} + \text{📺} + \text{📄} = 10 \times \text{GB}$$

Farsímaáskrift

Heimilispakkinn

Tífalt gagnamagn!

## Útgefið í mars

### DVD og BluRay

1.03.	Wonder	Myndform	Drama	6 ára	10
1.03.	Murder on the Orient Express	Sena	Morðgáta	16 ára	12
9.03.	I, Tonya	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	18
28.03.	Paddington 2	Myndform	Gamanmynd	Leyfð	33

### VOD

1.03.	Wonder	Myndform	Drama	6 ára	10
1.03.	Goodbye Christopher Robin	S & V	Sannsgulegt	6 ára	14
1.03.	Ice Girls	Sena	Fjölskyldumynd	Leyfð	14
2.03.	Here Alone	Myndform	Tryllir	16 ára	15
2.03.	K3	Myndform	Barnaefni	Leyfð	15
5.03.	Geostorm	S & V	Spenna/hasar	12 ára	16
8.03.	Professor Marston and the ...	Sena	Sannsgulegt	12 ára	17
8.03.	Crooked House	Sena	Morðgáta	12 ára	17
9.03.	I, Tonya	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	18
9.03.	Trumbo	Myndform	Sannsgulegt	Leyfð	20
9.03.	Nils Holgersson	Myndform	Barnaefni	Leyfð	21
14.03.	Daddy's Home	S & V	Gamanmynd	6 ára	22
15.03.	Thor: Ragnarök	S & V	Ævintýri	12 ára	23
15.03.	Brigsby Bear	Sena	Gamandrama	12 ára	24
15.03.	The Star	Sena	Teiknimynd	Leyfð	24
15.03.	Marshall	Sena	Sannsgulegt	12 ára	25
16.03.	Paris Can Wait	Myndform	Gaman/rómantik	12 ára	25
16.03.	Der Staat gegen Fritz Bauer	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	26
16.03.	Alvinnn!!! og ikornarnir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	26
22.03.	The Lovers	Sena	Gamandrama	12 ára	27
22.03.	Little Bitches	Sena	Gamanmynd	12 ára	27
23.03.	Kidnap	Myndform	Spenna/hasar	12 ára	28
22.03.	Welcome to Leith	Myndform	Heimildarmynd	12 ára	29
23.03.	Hinrik hittir ...	Myndform	Barnaefni	Leyfð	29
23.03.	Thelma	Myndform	Sálfræðidrama	12 ára	30
26.03.	Justice League	S & V	Ævintýri	12 ára	31
28.03.	The Killing of a Sacred Dear	Myndform	Sálfræðitryllir	16 ára	32
28.03.	Paddington 2	Myndform	Gamanmynd	Leyfð	33
28.03.	Alena	Myndform	Tryllir	16 ára	34
28.03.	Heiða	Myndform	Barnaefni	Leyfð	34
29.03.	All Saints	Sena	Fjölskyldumynd	Leyfð	35
29.03.	Accident Man	Sena	Hasar/grín	16 ára	35

### Tölvuleikir

7.03.	Bravo Team	Sena	Skotleikur	16+	38
23.03.	Ni No Kuni	Sena	Hlutverkaleikur	12+	38
23.03.	A Way Out	Sena	Hasarleikur	18+	39
27.03.	Far Cry 5	Myndform	Skotleikur	18+	40



## MYNDIR MÁNAÐARINS

290. tbl. mars 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: [www.myndirmanadarins.is](http://www.myndirmanadarins.is)

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 21.000 eintök

**EIN FALLEG**

Á DVD OG VOD Í MARS

1. mars


WONDER

JULIA ROBERTS OWEN WILSON JACOB TREMBLAY


wonder

MYNDFORM

ÍSLENDINGAR




HAFI ALLA TÍÐ




ICELAND 26 POINTS RÓMA 1991

KUNNAÐ AÐ META



GÓÐ TVÍEYKI



- HÍÐ FULLKOMNA TVÍEYKI



þ papriku

# Stjörnuþá mánaðarins



## Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þér finnst þú þurfa að læra nýja hluti og ef eitthvað er að marka afstöðu Venusar til Mars þá skaltu byrja á því að læra hvað takkarnir á sjónvarpsfjarstýringunni gera.



## Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Þú finnur til depurðar fyrri hluta mánaðarins en hún hverfur eins og dögg fyrir sólu þegar gamall kall gefur þér vanilluis. Sýndu þakk-læti og kaupu sleikjó fyrir hann.



## Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Málefni sem tengist einhverjum stiga eða stigamanni mun halda fyrir þér vöku þann fínda en annars muntu sofa eins og steinn ef þú gleymir ekki að taka pillurnar.



## Nautið 20. apríl - 20. maí

Þér líður eins og þér hafi verið gefið á hann sem er eðlilegt þegar maður er nýbúin(n) að ganga á staur. Nú er réttur tími til að taka út nær-buxnaskúffuna og þvo hana vel.



## Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Tvíburar sem kunna að meta saltfisk ættu að íhuga að strekkja hann betur áður en þeir gatla hann í kvörnina. Aðrir ættu að huga að sekdrekinu áður en það er of seint.



## Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Þér líður dálítið eins og dýri þessa dagana, sennilega asna. Æfðu þig í að herma eftir Vínardrengjakórnum og það er aldrei að vita nema það hafi jákvæð áhrif á þórmund.



## Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Ein af ástæðunum fyrir því að þér mistekst svona oft að gera það sem þú ætlar að gera er að þú nennir svo sjaldan að lesa leiðbeiningarnar. Breyttu því og þá breytist allt.



## Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Fólk sem er fætt í meyjarmarkinu mun hafa það gott fram eftir mánuðinum eða allt þangað til að það rennur á svelli og rotast. Prófaðu að hafa mús í kvöldmatinn.



## Vogin 23. sept. - 23. okt.

Það er spennandi tími framundan hjá fólki í voginni sem hefur lagt nógu mikið fyrir til að geta farið í heimsreis. Aðrir verða bara að sætta sig við að sitja eftir heima.



## Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú átt það til að taka áhættu sem gengur ekki upp og ættir að hætta því á meðan tölurnar á hitakortinu eru bláar. Mundu eftir að kaupa bússurnar sem þú sást í Ellingsen.



## Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Reyndu að forðast alla eyðslu eins og volgan eld og sníktu þér frekar í matinn hjá nágrönnunum. Einhver leggur til að þú fái þér lúður en það er svo sem ekki ný hugmynd.



## Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Settu þér einhver markmið til að ná í mánuðinum eins og til dæmis að klifra upp á Keili a.m.k. sex sinnum í hverri viku. Þú íhugar að kaupa þér skápasamstæðu með hliðarpokum.

# Minningar mánaðarins



Það eru liðin þrjátíu ára síðan Julia Roberts birtist fyrst á hvíta tjaldinu í tveimur myndum sem voru frumsýndar í byrjun árs 1988, þ.e. *Mystic Pizza* og *Satisfaction*. Julia vakti strax mikla athygli fyrir fegurð sína og breitt bros auk leikhæfileikanna og það leið ekki langur tími þar til hún sló endanlega í gegn í öðru aðalhlutverki myndarinnar *Pretty Woman* sem var frumsýnd 1990. Ljósmyndin er úr *Mystic Pizza* en þarna er Julia tvítug. Þess ber að geta að áður en hún fékk þessi fyrstu hlutverk sín í bíómyndum hafði hún um tveggja ára skeið leikið í nokkrum sjónvarpsþáttum. Hún hafði einnig sótt um hlutverk í sápuóperunum *All My Children* og *Santa Barbara* en þurfti að sjá eftir því fyrrnefndaa í hendurnar á Melissu Leo og því seinna til Stacy Edwards. Þess má líka geta að Julia varð fyrsta leikkonan sem samdi um 20 milljón dollara greiðslu fyrir hlutverk en það var fyrir titilhlutverkið í *Erin Brockovich* sem átti síðan einnig eftir að afla henni Óskarsverðlaunanna árið 2001.

Leikkonan Halle Berry á eins og Julia Roberts einnig 30 ára starfsafmæli um þessar mundir en hún hóf sinn feril fyrir framan vélnarar í sjónvarpsþáttunum *Living Dolls* árið 1988. Premur árum síðar færði hún sig yfir í kvikmyndirnar og vakti mikla athygli í sinni fyrstu mynd, *Jungle Fever* eftir Spike Lee, þótt hlutverkið væri ekki stórt. Það nægði henni þó til að fá enn stærra hlutverk í myndinni *The Last Boy Scout* eftir Tony Scott þar sem ein aðalstjarna þess tíma, Bruce Willis, fór með aðalhlutverkið á móti Damon Wayans. Segja má að með leik sínum þar hafi allar dyr opnast fyrir hana í Hollywood og hefur hún síðan leikið í fjölmörgum þekktum myndum, þ. a. m. í fjórnum *X-Men*-myndum þar sem hún lék Ororo Munroe, öðru nafni Storm.

Ef þau Diane Lane og franski leikarinn Christopher Lambert hefðu ekki skilið árið 1994 þá ættu þau þrjátíu ára brúðkaupsafmæli um þessar mundir.

En talandi um Diönu Lane þá má minnst þess að hún sló upphaflega í gegn aðeins sex ára að aldri en faðir hennar var leiklistarkennarinn Burt Lane. Eftir leiksigur í Broadway-leikritunum *The Cherry Orchard* og *Medea* hélt hún til Hollywood þar sem hún varð langt fram á unglingsárin ein eftirsóttasta leikkona bandarískra kvikmynda og lék m.a. aðalhlutverkið á móti Laurence Olivier í myndinni *A Little Romance* eftir George Roy Hill. Þess utan varð hún vinsæl fyrirsæta og var orðin milljónamæringur í dollurum talið aðeins 18 ára að aldri.

Og þar sem við erum í þrjátíu ára girnum að þessu sinni má ljúka þessu með því að minnst þeirra fjölmörgu mynda sem verða þrítugar á árinu 2018, eða a.m.k. nokkurra þeirra vinsælustu.

Ein vinsælasta mynd ársins 1988 varð *Rain Man* með Tom Cruise og Dustin Hoffman í aðalhlutverkum og Tom lék einnig í annarri afar vinsælli mynd þetta ár, *Coctail*. Myndin *Who Framed Roger Rabbit* þar sem blandað var saman leiknum atriðum og teiknuðum varð einnig vinsæl, svo og gamanmyndirnar *Big* með Tom Hanks í aðalhlutverki, *Twins* með þeim Arnold Schwarzenegger og Danny DeVito, fyrsta *Naked Gun*-myndin með Leslie Nielsen í hlutverki Franks Drebin, *Coming To America* með Eddie Murphy og hin frumlega mynd Tims Burton, *Beetlejuice*, þar sem Michael Keaton fór á kostum í titilhlutverkinu. Einnig má nefna myndir eins og *The Accused* sem færði Jodie Foster Óskarsverðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna og framhaldið af *Krókódíla-Dundee*.

Óvæntustu stórsmellir ársins urðu svo *Die Hard* eftir John McTiernan þar sem Bruce Willis stimplaði sig endanlega inn í stórstjörnuheima og hin kostulega *A Fish Called Wanda* þar sem Monty Python-gengið fór á kostum ásamt Kevin Kline og Jamie Lee Curtis. Síðast en ekki síst var *Pelle sigurvegari* eftir Bille August frumsýnd 1988 og hlaut ári síðar Óskarinn sem besta erlenda mynd ársins.

# Heimsendaræktun

Ræktendur  
ársins  
hjá HRFÍ



Björn og Lára hafa í áratugi helgað sig ræktun og þjálfun hunda. Heimsendaræktun þeirra hefur náð frábærum árangri og gefið af sér tugi alþjóðlega og íslenska meistara. Undanfarin 16 ár hafa þau eingöngu fóðrað sína hunda á Pedigree hundafóðri.




**Notaðu skynsemina  
Pedigree fyrir hundinn þinn!**



Það skiptir miklu að reyna alltaf að sjá björtu hliðina á öllu og vera í góðu skapi og jákvæð, jafnvel í erfiðleikum. Ég trúi því að afstaða manns til hlutanna komi fram í andlitinu smám saman eftir því sem við eldumst.

- Julia Roberts.



Nei, ég ætlaði ekki að verða leikkona þegar ég var lítil. Ég ætlaði að vinna í dýragarði. En svo kom í ljós að ég hef ofnæmi fyrir dýrahárum, sérstaklega kattarárum. Þar fór sú framtíð.

- Daisy Ridley.



Hann er svo mikil stjarna að hann hefur þurft að læra hvernig hann fer að því að láta fólkið í kringum hann líta á hann sem jafningja.

- Bella Heathcote um Johnny Depp.



Það er bara innbyggt í mig einhvern veginn að mér finnst eins og það þurfi að vera húmor í öllu, jafnvel alvarlegustu aðstæðum. Ég reyni alltaf að finna það fyndna.

- Taika Waititi, leikstjóri myndarinnar *Thor: Ragnarök* sem mörgum þykir fyndnasta ofurhetju-myndin til þessa.



Þegar ég var strákur þá fékk ég mikinn áhuga á því þegar mér var sagt að fólk notaði í raun ekki meira en 10% af heilanum. Ég varð mér úti um fróðleik um þetta því mig langaði svo að prófa hvernig það væri að nota 20%. Það er kannski út af þessu sem ég varð eitthvað skritinn.

- Owen Wilson.



Ég vona að ég þurfi aldrei að draga mig í hlé. Ég verð að hafa eitthvað að gera, ég get ekki hugsað mér að vakna einhvern morguninn með ekkert á dagskránni.

- Michelle Pfeiffer.



Ég elska að elda og þó ég segi sjálfur frá þá er ég frábær kokkur.

- Luke Evans.



Já, mig langar til að leika Jimi Hendrix.

- Chadwick Boseman, um hvort hann eigi sér eitthvert draumahlutverk.



Ég er meiri Íri en Englendingur. - Kenneth Branagh, sem fæddist og ólst upp í Belfast en flutti ásamt fjölskyldu sinni til Englands þegar hann var níu ára árið 1969.




Ég er einn af þessum leikurum sem verða að taka sér frí á milli verkefna til að losna endanlega við áhrifin af síðustu persónunni sem maður lék. Ég kalla það að vera í sjálfslæsingu því þá þarf ég bara að fá að vera einn með sjálfum mér einhvers staðar.

- Domhnall Gleeson.



Ég efast um að það sé til kona í veröldinni sem fengi leiða á því að vera líkt við Marilyn Monroe.

- Christina Hendricks, um hvort henni sé illa við að vera líkt við Marilyn Monroe.



Já, ég fékk á mig alls konar gagnrýni. Ég var of hávaxin, of mjó, með of lítil brjóst og of stóran haus ... og ég veit ekki hvað. En ef maður hlustaði á svona þá gæti maður bara farið strax í gröfina.

- Gal Gadot um viðbrögðin við því þegar hún fékk hlutverk *Diönu Prince*, eða *Wonder Woman*.



Ég byrjaði ekki að leika vegna þess að mig langaði að leika heldur var það besta leiðin til að vera í félagsskap annarra, en ég sóttist eftir því þegar ég var ungur. Vildi ekki vera einn. Seinna fór ég svo að hafa gaman af leiknum sjálfum.

- Willem Dafoe.



New York. Það er satt sem þeir segja að hún sefur aldrei, það er alltaf eitthvað í gangi. Og fjölbreytnin er endalaus. Ég elska þessa borg, elska að vera þar.

- Margot Robbie, spurð hvað henni finnst best við Bandaríkin.



Sko, það eru auðvitað fjölmargir sem mér finnst góðir en ef fólk vill læra um leiklist þá ætti það að skoða nokkrum sinnum hvernig Bruce Dern leikur persónu sína í *Nebraska* ... hvernig hann gjör-samlega dettur inn í karakterinn og gefur fólk innsýn í alla hans ævi með látbragðinu einu saman. Leikur hans í þessari mynd er eitt það besta sem ég hef séð.

- Diane Lane, spurð að því hvort hún eigi sér uppáhaldsleikara.



Af einhverjum ástæðum gengur mér best að vinna með sér-vitringum, því meiri því betra.

- Nicole Kidman.



# Alpen®


Bragðgóð blanda af því besta sem náttúran hefur upp á að bjóða



Ertu að leita að hentugu og bragðgóðu millimáli?

Alpen stangir innihalda m.a. *safaríkar* rúsínur, mjúka hafra, *brakandi* heslihnetur og möndlur og eru skreyttar með dásamlegu súkkulaði.

**Fullkomið millimál!**



## Wonder

Drama / Fjölskyldumynd



**Aðalhlutverk:** Jacob Tremblay, Julia Roberts, Owen Wilson, Mandy Patinkin, Daveed Diggs, Izabela Vidovic, Emma Tremblay, Noah Jupe, Danielle Rose Russell og Sonia Braga **Leikstjórn:** Stephen Chbosky **Útgefandi:** Myndform

1. mars



### Veistu svarið?

Jacob Tremblay hefur þrætt fyrir ungan aldur leikið í fjölmörgum myndum, þ. á m. í hinni áhrifaríku verðlaunamynd *Room* eftir Lenny Abrahamson, en sú sem lék móður hans í þeirri mynd hlaut Óskarsverðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna. Hvað heitir hún?



Brie Larson

## Við erum ekki öll eins

August Pullman, alltaf kallaður Auggie, þjáist af sjaldgæfum litningagalla sem hefur afmyndað andlit hans. Af þeim sökum þarf hann að glíma við fordóma og útskýfun flestra á hans aldri, m.a. í skólanum. Gæfa hans er að eiga að góða, jákvæða og samheldna fjölskyldu sem styður hann með ráðum og dád og hvetur hann áfram. En stundum er jafnvel það ekki nóg.

*Wonder* er byggð á verðlaunaskáldsögu eftir Raquel Jaramillo Palacio sem kom út í febrúar 2012. Bókin varð fljótlega afar vinsæl en hún segir frá hinum 10 ára gamla Auggie sem vegna svokallaðs Treacher Collins-heilkennis er afmyndaður í andliti og hefur af þeim sökum alist upp í verndaðra umhverfi en flestir gera. Nú er hins vegar komið að því að hann fari í bekk í venjulegum skóla með jafnöldrum sínum og um leið og fyrsti skóladagurinn hefst þarf hann að læra að takast á við lífið og fordómanna á annan hátt en hann er vanur og meira upp á eigin spýtur en áður. En það er enginn leikur ...



Owen Wilson og Julia Roberts leika foreldra Auggies í *Wonder*, en hann er leikinn af Jacob Tremblay. Systir hans, Via, er leikin af Izabelu Vidovic.

## Punktar .....

- ★★★★1/2 - *The New York Times* ★★★★★1/2 - *Village Voice*
- ★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★1/2 - *Indiewire*
- ★★★★1/2 - *Hollywood Reporter* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times*
- ★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *L. A. Times*

• Hinn ungi Jacob Tremblay sýnir sannkallaðan snilldarleik í aðalhlutverki myndarinnar en hann undirbjó sig undir gerð hennar m.a. með því að hitta fólk með Treacher Collins-heilkennið og kynna sér lífssýn þeirra og reynslu. Þess má geta að systir Jacobs og faðir, Emma og Jason Tremblay, leika bæði í myndinni auk þess sem höfundur sögunnar, R. J. Palacio, kemur fram í feluhlutverki.



VÁ!

NÆRANDI KREM.  
KLÍSTRAST EKKI.  
FYRIR ANDLIT & LÍKAMA.





## Murder on the Orient Express

Morðgáta



**Aðalhlutverk:** Kenneth Branagh, Johnny Depp, Daisy Ridley, Judi Dench, Michelle Pfeiffer, Penélope Cruz, Willem Dafoe, Josh Gad, Derek Jacobi og fleiri **Leikstjórn:** Kenneth Branagh  
**Útgefandi:** Sena

1. mars



Johnny Depp leikur hinn dularfulla Samuel Ratchett sem á grugguga fortíð og er helsti örlagavaldurinn í sögunni.

### Veistu svarið?

Kenneth Branagh, sem á 36 ára leikferil í kvikmyndum að baki og 28 ára leikstjóraferil, hefur gert margar mjög góðar og vinsælar myndir á ferlinum. Hann leikstýrði t.d. einni vinsælustu og tekjuhæstu mynd ársins 2011. Hvaða mynd var það?



## Hver er morðinginn?

Belgíski morðgátusérfræðingurinn Hercule Poirot er á leið til Vestur-Evrópu á fyrsta farrými Austurlandahraðlestarinnar ásamt fleiri farþegum. Nótt eina er einn af farþegunum myrtur í svefni og þar sem lestin er teppt vegna snjóskriðu fær Hercule tíma til að raða saman sönnunargögnunum og finna morðingjann áður en lögreglan kemur um borð.

Morðið í Austurlandahraðlestinni er ein frægasta og vinsælasta saga rithöfundarins og morðgátudrottningarinnar Agöthu Christie sem gaf hana út 1. janúar árið 1934. Sagan varð mjög vinsæl eins og fleiri sögur Agöthu og hefur síðan bæði verið sett upp á leiksviðum og kvikmynduð mörgum sinnum. Frægust af bíómyndunum er eflaust sú sem gerð var árið 1974 en hún var með nokkrum af vinsælustu kvikmyndastjórnnum þess tíma í aðalhlutverkum, varð ein vinsælasta mynd þess árs og um leið fyrsta breska mynd sögunnar til að komast í toppsæti bandaríska aðsóknarlistans.

Þessi nýja mynd fetar í fótspor hennar hvað varðar stjórufansinn, en í öllum helstu hlutverkunum eru vinsælir og þekktir leikarar, bæði bandarískir og breskir. Og morðgátan stendur alltaf fyrir sínu!



Kenneth Branagh leikstýrir myndinni og leikur jafnframt belgíska morðgátusérfræðinginn snjalla, Hercule Poirot.

## Punktur .....

★★★★ - *Entertainment Weekly* ★★★★★ - *Total Film*  
★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *Wrap*  
★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Telegraph*  
★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *W. Post*

• Agatha Christie fékk hugmyndina að sögunni þegar hún ferðaðist sjálf með Austurlandahraðlestinni til Istanbúl og tafir urðu á ferðinni vegna flóða. Hún skrifaði síðan söguna á hótélherbergi 411 í Pera Palace-hótelinu í Istanbúl, en það herbergi er núna safn og er varðveitt nákvæmlega eins og það var þegar Agatha dvaldi þar.



Daisy Ridley, sem slegið hefur í gegn sem Rey í *Star Wars*-myndunum, leikur barnfóstruna Mary Debenham.



MJÚKÍS ÁRSINS 2018

# Mjúkís



— MED —  
SVÖRTU KREMKEXI

1L



Settu ljúffengan endapunkt við máltíðina með Mjúkís ársins 2018. Silkimjúkur ís og stökkar kexkökur með himneskri vanillukremfyllingu er blanda sem slær í gegn við öll tilefni.



## Goodbye Christopher Robin

Hinn raunverulegi Bangsímón

**Einstaklega góð, vel leikin og áhrifarík mynd um breska rithöfundinn Alan Alexander Milne, eiginkonu hans, Daphne, og son þeirra, Christopher Robin, en það var einmitt hann og bangsinn hans sem varð Alexander innblásturinn að bókunum um Bangsímón og vin hans, Christopher Robin.**

Alexander Milne var fæddur árið 1882 og vakti athygli strax á skólaárum sínum fyrir ritstörf. Eftir fyrri heimsstyrjöldina eignuðust hann og eiginkona hans soninn Christopher Robin og árið 1925 keyptu þau sveitabýlið Cotchford í Sussex. Það var þar sem segja má að Bangsímón hafi orðið til í mörgum gönguferðum feðgana um skóglendið þar sem ímyndunaraflinu var gefinn laus taurur ...

**Punktur** .....

★★★★★ - *San Franc. Chronicle*

★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *T. Film*

★★★★★ - *Telegraph*

- Bangsinn hans Robins hét í raun Edward en var síðan endurskírður Winnie í höfuðið á svartbirni einum í dýragarði í London, sem aftur var kallaður Winnie af því að hann kom frá Winnipeg í Kanada.

- Bangsinn kom fyrst við sögu í ljóði eftir A. A. Milne sem birt var í breska vikutímaritinu Punch í febrúar 1924 en hét þá reyndar bara „bangsi“. Hann birtist síðan sem Bangsímón, eða Winnie-the-Pooh, í fyrsta sinn í ónefndri jólasögu Milnes sem dagblaðið London Evening News birti 24. desember árið 1925.



Milnes-hjónin eru leikin af þeim Domhnall Gleeson og Margot Robbie og það er hinn efnilegi Will Tilston sem leikur Christopher Robin á yngri árum.



**Aðalhl.:** Domhnall Gleeson, Margot Robbie og Will Tilston  
**Leikstj.:** Simon Curtis **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

Sannsögulegt

1. mars



## Ice Girls

Ævintýri á ís

**Mattie er ung og efnileg skautastúlka sem er nálægt því að fá skólalstyrk vegna hæfileika sinna þegar slys á skautasvellinu leiðir til þess að hún neyðist til að draga sig út úr mótinu sem hún þurfti nauðsynlega að keppa á til að fá styrkinn. Á hún möguleika á að ná aftur fyrri stöðu?**

*Ice Girls* er íprótta- og fjölskyldumynd með gamansömu ívafi og skartar í aðalhlutverkum tveimur skautadrottningum, þeim Michaelu du Toit og Taylor Hunsley, auk þeirra Natöshu Henstridge, Löru Daans og Elvis Stojko sem er þrefaldur heimsmeistari og tvöfaldur Ólympíumeistari í listdans.

Þegar Mattie slasast leiðir það ekki bara til þess að hún missir af skólalstyrknum heldur neyðist hún til að flytja ásamt móður sinni til heimabæjar síns á ný þar sem segja má að þær þurfi báðar að byrja upp á nýtt. En kannski, þegar upp verður staðið, var þetta í raun það besta sem gat komið fyrir þær mæðgur ...




Skautadrottningarnar Michaela du Toit og Taylor Hunsley í einu atriði myndarinnar en hún inniheldur að sjálfsögðu mörg flott skautaatriði.



**Aðalhl.:** Michaela du Toit, Lara Daans, Natasha Henstridge og Taylor Hunsley **Leikstj.:** Damian Lee **Útgefandi:** Sena

Fjölskyldumynd

1. mars



**Aðalhlutv.:** Lucy Walters, Gina Piersanti og Adam David Thompson **Leikstj.:** Simon Curtis **Útgefandi:** Myndform

Tryllir

2. mars

## Here Alone

Hvað gerist næst?

Ann er ung kona sem um eins árs skeið hefur dvalið ein í skóglendi eftir að ógnvekjandi og óþekkt plága gerði út af við flest fólk, þ. á m. hennar eigin fjölskyldu, og breytti öðrum í uppvakninga. Dag einn rekst hún á feðgin sem eru á flóttu. Ann hjálpar þeim og kynnist en ... getur hún treyst þeim?

*Here Alone* er mynd sem aðdáendur uppvakningamynda ættu að sjá en hún er að mörgu leyti óvenjuleg enda leggur leikstjórinn Rod Blackhurst megináherslu á að framkalla spennuna sem aðstæðum Ann fylgir í stað baráttunnar við uppvakningana sem hún forðast auðvitað eins og heitan eldinn. Þess utan er Ann enn í hálfgerðu losti eftir að hafa misst eiginmann sinn og barn þeirra, en þau voru upphaflega með henni á flóttanum í skóginum. Hvað gerðist og hvað gerist næst?

**Punktur** .....

★★★★1/2 - *Village Voice* ★★★★★1/2 - *The New York Times*

• *Here Alone* hlaut áhorfendaverðlaunin á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York.



Eftir að Ann hittir feðginin Chris og Oliviu og hjálpar þeim breytist allt.

## K3


Alltaf saman – að eilífu

Fjallhressir teiknimyndapættir um poppsöngkonurnar Kötu, Kylie og Kim sem í tónleikaferðum sínum um heiminn lenda í ótrúlegustu ævintýrum.

Krökkum á öllum aldri er hér boðið með í tónleikaferðir um víða veröld með þeim Kötu, Kylie og Kim sem saman nefna sig K3. Þær eru æskuvinkonur sem fyrir utan sönginn og að koma fram á tónleikum slá aldrei hendinni á móti öðrum ævintýrum sem þeim býðst að taka þátt í á ferðum sínum, hvort sem þau snúast um að góma fingralanga, berjast við skrímsli eða hjálpa þeim sem minna mega sín í veröldinni. Þetta er safn númer sex í seríunni, þættir 39 til 45.

**Punktur** .....

• Þættirnir um þær Kötu, Kylie og Kim eru framleiddir af sama fyrirtæki og gerði þættina um Mæju býfluglu, Vigga víking, Heiðu og Artúr og mínímóana.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um K3-sönghópinn **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

2. mars



## Geostorm

Spenna / Hasar / Vísindaskáldsaga



**Aðalhlutverk:** Gerard Butler, Talitha Eliana Bateman, Abbie Cornish, Ed Harris, Andy Garcia, Jim Sturgess, Eugenio Derbez og Mare Winningham **Leikstjórn:** Dean Devlin **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

5. mars



Hryðjuverkin valda ekki einungis gríðarlegum flóðbylgjum og ...

### Veistu svarið?

Gerard Butler fagnar þrjátíu ára kvikmyndaferli um þessar mundir en hann lék í sinni fyrstu mynd, *Mrs. Brown*, árið 1997 í leikstjórn Johns Madden. Síðan þá hefur hann leikið í fjölmörgum myndum, þ. á m. aðalhlutverkið í einni bestu mynd *Guys Ritchie*. Hvaða?



Rocknrolla

## Ofsaveður í aðsigi

*Geostorm* gerist í náinni framtíð þegar menn hafa smíðað risastórt net gervihnatta og geta með þeim stjórnað veðrinu. Þegar kerfið bilar kemur það í hlut nokkurra geimfara undir forystu Jake Lawson að finna orsökina og gera við kerfið. En Jake kemst fljótlega að því að „bilunin“ er engin bilun heldur upphafið að mannskæðustu hryðjuverkaárás allra tíma.

*Geostorm* er eftir Dean Devlin sem hér gerir sína fyrstu mynd sem leikstjóri en hann er mun þekktari sem framleiðandi og handritshöfundur og gerði sem slíkur t.d. *Independence Day*-, *Stargate*- og *Universal Soldier*-myndirnar. Handritið að *Geostorm* er líka eftir Dean og hann er að sjálfsögðu einnig aðalframleiðandi hennar.

Eftir að breytingar í veðurfari ollu sífellt alvarlegri náttúruhamförum í formi kröftugra storma og flóða ákváðu þjóðir heims að byggja upp net gervihnatta sem gætu eytt hættulegustu veðurmyndunum áður en þær yrðu mannskæðar. Til að byrja með verkar kerfið eins og draumur en þegar endurteknað bilanir fara að gera vart við sig með alvarlegum afleiðingum er loftslagsfræðingurinn Jake Lawson fenginn til að kanna málið. Þegar rannsókn hans leiðir í ljós að bilanirnar eru í raun af mannavöldum hefst æsilegt kapphlaup við tímann því þá sem bera ábyrgð á hamförunum verður að sjálfsögðu að finna og stöðva áður en það er orðið of seint ...



Gerard Butler leikur loftslagsfræðinginn Jake Lawson í *Geostorm*.


## Punktur .....

- Við gerð myndarinnar var leitað til Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, NASA, og fékkst leyfi til að mynda nokkur atriðanna í húsakynnum NASA í New Orleans.
- Segja má að með sögunni í myndinni hafi Dean Devlin leitað í smíðju langtímasamstarfsmanns síns, Rolands Emmerich, en fyrsta myndin sem hann gerði árið 1984, *Das Arche Noah Prinzip*, fjallaði einmitt um geimstöðvar sem voru misnotaðar til að hefja stríð.



... stormum heldur einnig fimbulkulda og stórhættulegu hagléli.





## Professor Marston and the Wonder Women

Fyrirmyndirnar að Undrakonunni

Afar vel gerð og leikin mynd um William Moulton Marston sem ásamt konunum tveimur í lífi sínu skapaði sögunar um Díönu Prince, eða Wonder Woman, en fyrsta sagan um hana og Amazónurnar kom út í október 1941.

*Professor Marston and the Wonder Women* þykir ákaflega skemmtileg og góð mynd í alla staði og sérlega vel leikin af þeim þremur sem fara með aðalhlutverk-in, Luke Evans, Rebecca Hall og Bella Heathcote. Hér fáum við að sjá hvernig það kom til að sálfræðingurinn William M. Marston ákvað að búa til ofurkonuna Díönu prinsessu af Þemyscíru og áhrifin sem eiginkona hans, Elizabeth, og hjákonan Olive höfðu á þá sköpun, en líffsýn þeirra þriggja var afar sérstök ...

**Punktar** .....

- ★★★★1/2 - *The New York Times*
- ★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *R. Stone*
- ★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Screen*

- Williams M. Marston er ekki eingöngu minnst fyrir sköpun sína á sögunum um Undrakonuna Díönu Prince heldur og fyrir smíði sína á lygamæli. Þetta var ekki fyrsti lygamælirinn en sá fullkornasti á þeim tíma (í kringum 1918) en sýnt þótti fram á með þessum mæli að sterk tengsl væru á milli lyga og hækkaðs blóðþrýstings.

- Williams er einnig minnst fyrir sálfræðigreinar sínar og bækur og eitt þekktasta verk hans er bókin *Emotions of Normal People* sem kom út árið 1928 og var að grunni til um svokallaða DISC-kenningu.



Marston bjó með tveimur konum sem urðu honum innblástur að Díönu Prince eða Wonder Woman, eiginkonunni Elizabeth og hjákonunni Olive.



**Aðalhlutv.:** Luke Evans, Rebecca Hall, Bella Heathcote og Oliver Platt **Leikstjórn:** Angela Robinson **Útgefandi:** Sena

Sannsgulegt

8. mars



## Crooked House

Sum leyndarmál eru eitruð

*Crooked House* er gerð eftir samnefndri morð- og sakamálasögu rithöfundarins Agöthu Christie og gerist að mestu á sveitasetrinu Three Gables þar sem þrjú ættliðir Leonides-fjölskyldunnar búa undir sama þaki. Þegar höfuð fjölskyldunnar, hinn auðugi Aristide, er myrtur fellur grunur á þau öll.

Þau Charles og Sophie Leonides eru þar og hyggjast ganga í hjónaband. Þeim áformum þarf hins vegar að fresta þegar afi Sophiu er myrtur, a.m.k. þangað til morðinginn er fundinn. Þetta verður til þess að Charles fer sjálfur að rannsaka málið og fær síðan í gegnum sambönd sín við Scotland Yard hinn trausta en sér-lundaða rannsóknarlögreglumann Taverner til liðs við sig. Hver er morðinginn?

**Punktar** .....

- ★★★★1/2 - *Los Angeles Times*
- ★★★★ - *Telegraph* ★★★★★1/2 - *Variety*

- Bók Agöthu Christie, *Crooked House*, kom út árið 1949 og ef hún var spurð hver af hennar eigin sögum væri í upphaldi hjá henni nefndi hún ávallt þessa sögu ásamt *Ordeal by Innocence* sem kom út árið 1958.

- Handritshöfundur *Crooked House* er Óskarsverðlaunahafinn Julian Fellowes (*Gosford Park*) sem m.a. skapaði og skrifaði sjónvarpsþættina *Downton Abbey*.

- Leikstjóri myndarinnar, Gilles Paquet-Brenner, sendi síðast frá sér þá afar góðu mynd *Dark Places* og þar á undan hina gríðarlega áhrifamiklu *Sarah's Key*, sem var tvímælalaust ein besta mynd ársins 2010.




Glenn Close leikur lafði Edith de Haviland sem eins og flestir aðrir í sögunni er ekki með hreinan skjöld.



**Aðalhlutv.:** Glenn Close, Max Irons, Christina Hendricks og Terence Stamp **Leikstj.:** Gilles Paquet-Brenner **Útg.:** Sena

Morðgáta

8. mars



## I, Tonya

Sannsgögulegt



**Aðalhlutverk:** Margot Robbie, Sebastian Stan, Allison Janney, Bojana Novakovic, Caitlin Carver, Mckenna Grace, Julianne Nicholson, Paul Walter Hauser og Bobby Cannavale **Leikstjórn:** Craig Gillespie  
**Útgafi:** Myndform

9. mars



Sebastian Stan leikur fyrrverandi eiginmann Tonyu, en hann átti hvað stærstan þátt í árásinni sem gerð var á Nancy Kerrigan.

### Veistu svarið?

Tonya Harding á sjálf sinn þátt í myndinni en hún veitti bæði Margot Robbie og leikstjóranum Craig Gillespie upplýsingar og góð ráð við gerð hennar og var ánægð með útkomuna. En fyrir hvaða skautatæknilega afrek varð Tonya heimsfræg árið 1991?



Hún varð fyrsta konan til að framkvæma stök með þreföldum snúningi, svokallað „Triple Axel“-stök.


## Hneykslið sem skók íþrótt heiminn

Kvikmyndin *I, Tonya*, sem án nokkurs vafa er ein besta mynd ársins 2017, snýst að stórum hluta um þann fræga atburð þegar ráðist var á bandarísku listskautadrottninguna Nancy Kerrigan í ársbyrjun 1994 og tilraun gerð til að fótbrjóta hana.

*I, Tonya*, sem er eftir leikstjóranum Craig Gillespie (*Lars and the Real Girl*, *Million Dollar Arm*, *The Finest Hours*) og gerð eftir handriti Stevens Rogers (*Stepmom*, *Kate & Leopold*, *P.S. I Love You*), hefur hlotið fjölmörg verðlaun og frábæra dóma nánast allra gagnrýnenda. Þótt myndin sé sannsgöguleg er hún um leið svört kómedía þar sem leikhópurinn, með þeim Margot Robbie, Sebastian Stan og Allison Janney í broddi fylkingar, þykir fara á algjörum kostum.

Rannsókn lögreglunnar á árásinni á Nancy Kerrigan leiddi fljótlega í ljós að þar hafði verið að verki maður að nafni Shane Stant og hafði hann verið ráðinn til þess af lífverði og fyrrverandi eiginmanni helsta keppinautar Nancyar, Tonyu Harding, þeim Shawn Eckhardt og Jeff Gillooly. Með árásinni vildu þeir tryggja að Nancy yrði úr leik í samkeppninni um ólympíusæti í liði Bandaríkjanna sem keppa átti á Vetarárlympíuleikunum í Lillehammer í febrúar þetta sama ár.

Sjálf neitaði Tonya að hafa komið nálægt árásinni eða vitað hvað til stæði og svo fór að þær Nancy kepptu báðar á Ólympíuleikunum enda var Nancy fljót að jafna sig. En málinu var langt í frá lokið og á bak við það sem kom fram í fjölmiðlum er enn merkilegri saga ...



Margot Robbie leikur titilhlutverkið í *I, Tonya*, og hefur verið margverðlaunuð fyrir túlkun sína auk þess að hljóta tilnefningar til Golden Globe-, BAFTA og Óskarsverðlauna fyrir leik sinn. Þess má geta að Margot leikur sjálf í öllum skautaatríðum myndarinnar.

## Punktur .....

★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Time Out*  
★★★★★ - *S.F. Chron.* ★★★★★ - *Observer* ★★★★★1/2 - *E.W.*  
★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★1/2 - *Telegr.*  
★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Screen Intl.*




Allison Janney hefur þegar þetta er skrifað hlotið bæði Golden Globe-, og BAFTA-verðlaunin fyrir leik sinn sem móðir Tonyu Harding, LaVona Golden, og er eins og Margot Robbie líka tilnefnd til Óskarsverðlauna.

# nettó

Á NETINU

## ÓDÝRT OG ÞÆGILEGT! NETTÓ Á NETINU



ÞÚ FINNUR ALLT Á EINUM STAÐ OG VELUR SÍÐAN  
HVORT ÞÚ SÆKIR PÖNTUNINA TILBÚNA Í NETTÓ  
MJÓDD EÐA FÆRÐ SENT HEIM DYRUM.\*

Fylgstu með okkur á Facebook og netto.is

\*á við um höfuðborgarsvæðið.



## Trumbo

Sannsógulegt



**Aðalhlutverk:** Bryan Cranston, Diane Lane, Helen Mirren, Louis C.K., John Goodman, Elle Fanning, Michael Stuhlbarg og Alan Tudyk  
**Leikstjórn:** Jay Roach **Útgefandi:** Myndform

9. mars



Trumbo var ekki sá eini í Hollywood sem lenti á hinum svokallaða „svarta lista“ á tímum Josephs McCarthy og kommúnistaveiða hans.

### Veistu svarið?

Bryan Cranston lék í sinni fyrstu mynd árið 1968 og á því tæknilega 50 ára leikafmæli um þessar mundir þótt 12 ár hafi síðan liðið þar til hann lék í næstu mynd og leikferillinn hæfist fyrir alvöru. En í hvaða þekktu Steven Spielberg-mynd lék hann árið 1998?



Saving Private Ryan

## Penninn er sterkari en sverðið

Dalton Trumbo var einn af hæfileikaríkustu handritshöfundunum í Hollywood um miðja síðustu öld og náði því að verða hæst launaði handritshöfundur í heimi áður en sögur um að hann væri kommúnisti leiddu til ákæru og ellefu mánaða fangelsisdóms yfir honum. En Trumbo var ekki af baki dottinn.

Þeir sem hafa gaman af sögulegum myndum munu ekki verða fyrir vonbrigðum með þessa þar sem Bryan Cranston fer á algjörum kostum í hlutverki Daltons Trumbo. Eftir að hafa afplánað fangelsisdóminn tók lítið betra við enda var Trumbo á hinum alræmda „svarta lista“ sem þýddi að þeir sem ynnu með honum myndu hafa verra af. En Trumbo fann leið til að koma handritum sínum í framleiðslu, þ.e. með því að fá aðra til að þykjast hafa skrifað þau. Þannig vann hann m.a. tvönn Óskarsverðlaun í fullkominni leynd sem var ekki aflétt fyrr en löngu síðar. Þessi mynd er um það afrek ...



Bryan Cranston leikur Dalton Trumbo og Diane Lane leikur eigin konu hans, Cleo. Þau hjón áttu þrjú börn, Nikolu, Chris og Mitzi.

## Punktar .....

- ★★★★1/2 - *New York Post* ★★★★★ - *Screen International*
- ★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times*
- ★★★★1/2 - *Hollywood Reporter* ★★★★★1/2 - *The New Yorker*

• Í myndinni kemur við sögu fjölmargt þekkt samtímafólk Trumbos og má þar nefna John F. Kennedy, Kirk Douglas, John Wayne, Edward G. Robinson, Louis B. Mayer og Otto Preminger auk þess sem notast er við myndefni þar sem m.a. þau Cary Grant, Humphrey Bogart, Lauren Bacall, Lucille Ball, Audrey Hepburn, Deborah Kerr, Jerry Lewis, Gregory Peck og Laurence Olivier eru áberandi.

• Aðdáendur Bryans Cranston hreinlega verða að sjá þessa mynd enda er hann frábær í titilhlutverkinu og var tilnefndur til fjölda verðlauna fyrir það, þ. á m. til BAFTA-, Golden Globe og Óskarsverðlauna.



Helen Mirren leikur slúðurdálkahöfundinn Heddu Hopper sem var svarinn andstæðingur Daltons Trumbo og ötul við að „koma upp um“ Bandaríkjamenn sem hún taldi aðhyllast kommúnisma.

## Nils Holgersson


Komdu með í ævintýraferð

Nils Holgersson er latur strákur og hrekkjóttur og vondur við dýrin á bænum. Þegar dvergálfur leggur á hann álög svo hann breytist í lítinn álf sjálfur þarf hann að endurmeta viðhorf sín og læra að breyta hegðun sinni.

Þessi útgáfa inniheldur sögur af ævintýrum Nils Holgerssonar þar sem hann ferðast heilt sumar á baki gæsa og kynnist mörgum nýjum svæðum og dýrunum sem þar búa. Sum eru góð en sum geta verið hættuleg og það á eftir að reyna verulega á Nils í samskiptum við þau. Hér er um að ræða aðra seríu útgáfunnar sem inniheldur sex sjálfstæða og fjöruga þætti.

### Punktur .....

• Sænska skáldkonan Selma Otilia Lovisa Lagerlöf (1858–1940) gaf bókina um Nils Holgersson (*Nils Holgerssons underbara resa genom Sverige*) út árið 1904, en hún var upphaflega skrifuð að beiðni sænska kennarasambandsins til að nota við landafræðikennslu barna. Bókin varð þó fljótt vinsæl á



meðal almennings og var á næstu árum og áratugum þýdd á fjölda tungumála, þar á meðal á íslensku árið 1946 af Marinó L. Stefánssyni og hét þá *Nilli Hólmgeirsson og ævintýraför hans um Svíþjóð*. Sagan var svo lesin í útvarpinu af Huldu Runólfsdóttur og naut sá lestur ómældra vinsælda landsmanna á sínum tíma. Þess má geta að Selma Lagerlöf varð árið 1909 fyrsta konan og um leið fyrsti Svíinn til að hljóta Nóbelsverðlaunin í bókmenntum.



ÞÆTTIR  
4 OG 5, 11-16

Íslenskt tal



Teiknimyndir með íslensku tali um Nils Holgersson og fjölbreytt ævintýri hans **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

9. mars



Hjónin Kate Mara og Jamie Bell léku við hvorn sinn fingur þegar þau mættu á BAFTA-verðlaunahátíðina þar sem Jamie var tilnefndur fyrir leik í myndinni *Film Stars Don't Die in Liverpool*.



Jennifer Lawrence lét mynda sig í þessum kjól í köldu veðri í London 20. febrúar og blés á alla gagnrýni á að hún hafi gert það tilneydd. „Ég bað um þessa myndatöku sjálf,“ sagði hún.



Á sama tíma var Charlize Theron hins vegar heiðursgestur og ræsir á Daytona-brautinni á Daytona-strönd í Flórída þar sem fram fór svokallaður „Monster Energy“-kappakstur.



**Fleiri pabbar – enn meiri vandræði**

Jólin eru á næsta leiti og þeir Dusty og Brad hafa náð sáttum eftir að hafa eldað saman grátt silfur í fyrri myndinni, auk þess sem Dusty er í raun kominn í stöðu Brads eftir að hafa kvænst Karen sem á dóttur með fyrrverandi eiginmanni sínum, Roger. Nú hlakka þeir bjartsýnir til jólanna en sú bjartsýni fer fyrir lítið þegar feður þeirra koma í heimsókn og Roger snýr aftur heim!

Það muna sjálfsagt flestir sem fylgjast með bíómyndum eftir gamanmyndinni *Daddy's Home* sem kom út árið 2016 og gerði það gott. Strax varð ljóst að gert yrði framhald sem nú er væntanlegt á leigurnar 16. mars. Leikstjóri og handritshöfundur er sá sami og síðast, Sean Anders, og auk leikhópsins úr fyrri myndinni bætast nú við þeir Mel Gibson og John Lithgow sem leika feður Dustys og Brads, Kurt og Don, og John Cena sem leikur harðjalexlinn Roger.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að þeir Kurt og Don eru gerólíkir að upplagi, rétt eins og synir þeirra, og í hönd fer jólahátíð sem að sjálfsögðu á eftir að fara úr böndunum á ýmsan spaugilegan hátt, ungiðinu í myndinni og áhorfendum til mikillar skemmtunar.



Mark Wahlberg og Will Ferrell leika sem fyrr þá Dusty og Brad og ...

**Daddy's Home 2**

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Will Ferrell, Mark Wahlberg, Mel Gibson, John Lithgow, Linda Cardellini, Alessandra Ambrosio og John Cena **Leikstjórn:** Sean Anders **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

14. mars

**Punktar .....**

★★★★ - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *ReelViews* ★★★★★ - *Chicago Trib.*

• Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Sean Anders, á fyrir utan fyrri *Daddy's Home*-myndina að baki gamanmyndirnar *Never Been Thawed*, *Sex Drive*, *That's My Boy* og *Horrible Bosses 2*. Þess utan skrifaði hann handritin að myndunum *Hot Tub Time Machine*, *Mr. Popper's Penguins*, *We're the Millers* og *Dumb and Dumber To*.



... feðurnir Kurt og Don eru leiknir af Mel Gibson og John Lithgow.



Aðalleikhópurinn saman kominn þegar myndin var forsýnd í Bandaríkjunum en þetta eru þau Mel Gibson, Alessandra Ambrosio, Mark Wahlberg, Linda Cardellini, Will Ferrell, John Lithgow og John Cena ásamt krökkunum Scarlett Estevez, Owen Vaccaro og Didi Costine.

**Veistu svarið?**

John Lithgow á langan og farsælan leikferil að baki, en hann hefur tvisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna, fyrir leik í myndinni *Terms of Endearment* og fyrir leik á móti Robin Williams árið 1984 í frægri mynd sem George Roy Hill leikstýrði. Hvaða mynd?



*The World According to Garp.*



## Thor: Ragnarök

Ævintýri / Ofurhetjur



**Aðalhlutverk:** Chris Hemsworth, Tom Hiddleston, Cate Blanchett, Tessa Thompson, Benedict Cumberbatch, Mark Ruffalo, Sam Neill, Karl Urban og Anthony Hopkins **Leikstjórn:** Taika Waititi  
**Útgefandi:** Síminn og Vodafone


15. mars



Það mun mæða mest á þeim Hulk, Þór, Valkyrju og Loka í ...

### Veistu svarið?

Persónan sem Cate Blanchett leikur, Hel (er kölluð Hela á ensku), ríkti samkvæmt goðafræðinni yfir níu af undirheimum Niflheims og átti vopnin Hungur, sem var diskur, og hnífinn Sult. En hver er faðir hennar samkvæmt goðafræðunum?



1907

## Endalokin ... eða kannski upphafið?

Aðdáendur *Avengers*-myndanna og ofurhetjumynda yfirleitt eru flestir sammála um að *Thor: Ragnarök* sé á meðal myndunustu ofurhetjumynda sem gerðar hafa verið þótt auðvitað sé enginn afsláttur gefinn af hasarnum og viðburðaríkri sögu.

Í þetta sinn þarf þrumuguðinn Þór og félagar hans að takast á við hina illu en máttugu Hel sem Óðinn kastaði niður í Niflheim við fæðingu. Hún er nú komin aftur til baka staðráðin í að leggja Ásgarð í eyði og um leið losa sig við alla sína bræður og systur ásamt mannkyninu í heild. Það mun því reyna verulega á Þór og þá sem standa með honum því ef baráttan tapast er úti um þau öll og Ásgarð líka ...



Chris Hemsworth leikur hér þrumuguðinn Þór á ný.

## Punktur .....

★★★★★ - *Washington Post* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times*  
★★★★1/2 - *Total Film* ★★★★★ - *Slate* ★★★★★ - *Time Out*  
★★★★★ - *Screen Int.* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Telegraph*


- Leikstjóri myndarinnar er hinn nýsjálenski Taika Waititi, en síðustu þrjár myndir hans, *Hunt for the Wilderpeople*, *What We Do in the Shadows* og *Boy*, hafa allar verið afar góðar og sópað til sín fjölda verðlauna. Taika er mikill húmoristi og fékk nokkuð frjálsar hendur til að gera *Thor: Ragnarök* mun myndnari en fyrri myndirnar um Þór og hann leikur sjálfur eitt hlutverk í myndinni, hlutverk Korgs. Auk þess kemur fram í myndinni óvæntur og myndinn leynigestur.

- Hermt er að sagan í *Thor: Ragnarök* sé mikilvægur hlekkur í *Avengers*-sögunni og að atburðarásin í henni sé ákveðið forspil að næstu *Avengers*-mynd, *Infinity War*, sem verður frumsýnd í lok apríl.

- Fyrir utan þau Þór, Hulk, Loka, Hel og nýliðann Valkyrju koma fjölmargar þekktar persónur við sögu í myndinni, bæði úr goðafræðinni og úr ofurhetjuheimi Marvel. Ein af þeim er t.d. dr. Stephen Strange sem Benedict Cumberbatch leikur hér öðru sinni.



... baráttunni gegn Hel og þeim sem standa með henni.



## Brigsby Bear

Sögunni verður að ljúka

James er ungur maður sem hefur alla sína ævi búið í neðanjarðarbyrgi ásamt foreldrum sínum og systur, varla komið út undir bert loft og veit ekkert um veröldina. Hann veit heldur ekki að foreldrar hans eru ekki foreldrar hans heldur rændu þau honum sem litlu barni og lokuðu inni.

*Brigsby Bear* er stórmerkileg mynd í alla staði, mjög skemmtileg en um leið áhrifarík og umhugsunarverð. Eftir að hafa verið lokaður inni alla sína ævi er James loksins bjargað úr þrúningu af lögreglunni og komið til sinna raunverulegu foreldra. Eftir alla undrunina og kastljós fjölmiðla uppgötvast að aðaláhbyggjuefni James er afdrif brúðunnar Brigsbys sem hann hafði alltaf horft á í sjónvarpinu og er reyndar það eina sem hann sá í sjónvarpinu. Í ljós kemur að þættirnir um Brigsby voru búnir til af ræningjum hans og því er ekki nokkur leið að James fái nokkurn tíma að sjá endalok sögunnar. En hann kann ráð við því ...

### Punktur .....

★★★★½ - *The New York Times*

★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Time*

★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *L.A. Times*

- *Brigsby Bear* hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga og var útnefnd ein af tíu bestu óháðu myndum ársins af samtökum bandarískra gagnrýnenda.

- Sagan í myndinni er eftir aðalleikarann Kyle Mooney sem einnig skrifaði handritið ásamt félaganum sínum Kevin Costello.

- Myndin er öll tekin upp í Salt Lake City í Utah-ríki og þar í kring.



James ásamt „föður“ sínum (sem Mark Hamill leikur) áður en honum er bjargað úr þrúningu.



**Aðalhl.:** Kyle Mooney, Mark Hamill, Greg Kinnear og Ryan Simpkins **Leikstj.:** Dave McCary **Útgefandi:** Sena

Gamandrama

15. mars



## The Star

Fyrstu jólin – frá sjónarhóli dýranna

Í þessari glænýju teiknimynd er sagt frá fæðingu Jesú frá sjónarhóli dýranna, bæði þeirra sem fylgdu Maríu og Jósef og vitringunum þremur svo og annarra dýra í Betlehem.

*The Star* er gerð af sömu aðilum og gerðu teiknimyndirnar um kjötbolluregnið og hefst skömmu áður en þau María og Jósef koma til Betlehem. Þegar asninn þeirra telur sig skynja að María sé í hættu fer í gang atburðarás sem teygir anga sína um allt dýraríki borgarinnar.

Fjöldi frægra leikara ljær dýrunum rödd sína í myndinni og má þar nefna þau Tracy Morgan, Tyler Perry, Oprah Winfrey, Kristínu Chenoweth, Patriciu Heaton, Christopher Plummer og Ving Rhames.




**Teiknimynd** um fyrstu jólin dýranna með ensku tali og íslenskum texta **Leikstj.:** Timothy Reckart **Útgefandi:** Sena

Teiknimynd

15. mars





## Marshall

Sannleikurinn er besta vopnið

Thurgood Marshall (1908–1993) varð árið 1967 fyrsti maðurinn af afrískum uppruna sem var skipaður hæstaréttardómari í Bandaríkjunum. Áður en það gerðist hafði hann skapað sér nafn sem einn besti mannréttindalögmaður landsins og í þessari mynd er fjallað um eitt af fyrstu málum hans.

Fyrir utan að varpa skýru ljósi á persónu Thurgoods Marshall og fordómanna sem hann mætti sem lögfræðingur þá er þessi mynd einnig frábær sakamálasaga og réttardrama. Marshall hóf ferilinn hjá einni af mannréttindastofum Bandaríkjanna (NAACP) sem m.a. útvegaði svörtu fólki lögfræðiaðstoð ef grunur lék á að húðlitur þess væri ástæðan fyrir sakargiftum. Eitt af fyrstu málum hans (1940) varðaði einkabílstjóra að nafni Joseph Spell sem var sakaður um að hafa nauðgað vinnuveitanda sínum, Eleanor Strubing, og síðan reynt að myrða hana. Þessu harðneitaði Spell réttilega, en málið reyndist mun flóknara en Marshall gat grunað ...

**Punktur** .....

★★★★1/2 - RogerEbert.com

★★★★ - Variety ★★★★★1/2 - ReelViews

★★★★ - New Yorker ★★★★★1/2 - E.W.

• Aðallag myndarinnar, *Stand Up for Something* í flutningi Öndru Day og Common, er nú tilnefnt til Óskarsverðlauna sem besta kvikmyndalag ársins.

• Chadwick Boseman sem leikur Thurgood Marshall er frábær leikari sem nú er að gera það gott í titilhlutverki Marvel-myndarinnar *Black Panther* og mun leika þá persónu í næstu *Avengers*-mynd, *Infinity War*, sem frumsýna á í bíó í apríl.




Josh Gad og Chadwick Boseman leika þá Sam Friedman og Thurgood Marshall, en Sam var aðstoðarmaður hans í málinu.



**Aðalhl.:** Chadwick Boseman, Josh Gad, Kate Hudson og Dan Stevens **Leikstj.:** Reginald Hudlin **Útgefandi:** Sena

Sannsögulegt

15. mars



## Paris Can Wait

Hvað liggur á?

Létt og skemmtileg rómantísk gamanmynd um eiginkonu bandaríks viðskiptamanns sem eftir viðskiptafund í Nice ákveður að fara landleiðina til Parísar í boði viðskiptafélaga eiginmannsins í stað þess að fljúga. Þetta reynist ákvörðun sem hún mun aldrei sjá eftir svo lengi sem hún lifir.

Það er stundum sagt að lífið snúist ekki um áfangastaðinn heldur ferðina þangað og má segja að það sé einmitt þemað í þessari stórskemmtilegu mynd þar sem leikkonan Diane Lane sýnir allar sínar bestu hliðar ásamt Frakkanum Arnaud Viard sem leikur ferðafélaga hennar og Alec Baldwin sem leikur eiginmanninn.

Í upphafi sér Anne Lockwood ekkert annað fyrir sér en að bruna á hraðbrautum beint til Parísar en þegar Anaud leggur til að þau leggi lykkju á leið sína svo hann geti sýnt henni sveitir landsins samþykkir hún það enda er tíminn nægur. En þessi „lykkja“ reynist bara sú fyrsta af nokkrum sem verða hver annarri skemmtilegri ...

**Punktur** .....

★★★★ - Los Angeles Times

★★★★1/2 - Indiewire ★★★★★1/2 - E.W.

★★★★1/2 - Screen ★★★★★1/2 - R. Stone

• Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Elenor Coppola, er eiginkona Francis Ford Coppola og hafa þau nú verið gift í 55 ár. Þetta er fyrsta bíómynd Elenor en hún starfaði á árum áður við ýmislegt sem tengist kvikmyndagerð og sendi frá sér fimm stuttmyndir, þ. á m. verðlaunamyndina *Hearts of Darkness: A Filmmaker's Apocalypse* sem sagði frá ströggli eiginmanns hennar við gerð *Apocalypse Now*.



Alec Baldwin leikur viðskiptamanninn Michael Lockwood, Diane Lane leikur eiginkonu hans, Anne, og það er franskur leikarinn Arnaud Viard sem leikur Jacques, ferðafélaga hennar til Parísar.



**Aðalhlutverk:** Diane Lane, Arnaud Viard og Alec Baldwin **Leikstjórn:** Eleanor Coppola **Útgefandi:** Myndform

Gaman / Rómantík

16. mars



## Der Staat gegen Fritz Bauer

Leitin að Adolf Eichmann

Fritz Bauer var fæddur árið 1903 og útskrifaðist sem lögmaður aðeins 25 ára að aldri árið 1928. Hann var mikill andstæðingur Hitlers og stefnu hans og neyddist til að flytja til Danmerkur árið 1935 og síðan til Svíþjóðar árið 1943. Eftir stríð flutti hann aftur til Þýskalands og hóf um leið þrotlausa leit að nasistum sem voru eftirlýstir vegna stríðsglæpa og höfðu flúið land.

Stórmerkilegri og viðamikilli sögu Fritz Bauer verða ekki gerð skil í einni bíómynd en fyrir utan venjubundin störf sín sem lögfræðingur varð hann einn helsti höfundur endurbættrar refsilöggjafar Þýskalands og samdi lög sem standa enn. Í þessari margföldu verðlaunamynd Lars Kraume er sögð hin sanna saga af því þegar Fritz komst á snoðir um dvalarstað Adolfs Eichmann og lagði á sig þá þrautargöngu að finna hann og koma honum í hendur Ísraelsmanna. Sú aðgerð varð hættulegri en hann sá fyrir enda vildu ekki allir landar hans finna Eichmann ...

**Punktur** .....

★★★★ - *The New York Times*

★★★★1/2 - *R.Ebert* ★★★★★1/2 - *Screen*

★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★ - *Variety*

- *Der Staat gegen Fritz Bauer* var tilnefnd til níu Lola-verðlauna (þýsku kvikmynda-verðlaunin) og hlaut þau fyrir bestu leikstjórn, besta handrit, besta leik í aðalhlutverki karla, bestu sviðshönnun, bestu búninga og sem besta mynd ársins.

- Myndin gerist á árunum 1957 til 1960 en Fritz Bauer lést af völdum hjartaáfalls árið 1968, 64 ára að aldri. Hann er á meðal virtustu lögmanna Evrópu fyrr og síðar.



Það er Burghart Klaußner sem leikur Fritz Bauer í myndinni en hann hlaut þýsku kvikmyndaverðlaunin fyrir túlkun sína.

**Aðalhl.:** Burghart Klaußner, Ronald Zehrfeld og Michael Schenk **Leikstjórn:** Lars Kraume **Útgefandi:** Myndform

**Sannsgöleg** **16. mars**



## Alvin!!! og íkornarnir

Ný teiknimyndasýrpa – sería 2

Stórskemmtileg teiknimyndasýrpa um ævintýri sex eldfjörugra íkornabarna sem eru stöðugt að lenda í alls konar ævintýrum og óvæntum uppákomum, uppeldisföður þeirra, Davíð, oftast en ekki til mikillar mæðu.

Þessir þættir komu fyrst út í mars 2015 og slógu þegar í gegn á bandarísku og frönsku Nickelodeon-sjónvarpsstöðvunum. Í framhaldinu hafa þeir verið sýndir víða og alls staðar verið vel tekið. Hér segir frá hinum ókvænta Davíð sem tekið hefur að sér að ala upp sex íkornakrakka, þrjá stráka og þrjár stelpur. Það gengur því að sjálfsgöðu mikið á á heimilinu því íkornakrakkarnir eru hugmyndaríkir með eindæmum og óhræddir við að feta nýjar slóðir í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur. En stundum þrýtur Davíð þolinmæðina og þegar það gerist kallar hann yfir sig: „ALVINNN!!!“



**Teiknimynd** með íslensku tali um sex íkornakrakka og ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni** **16. mars**



## The Lovers

Ástin birtist í alls konar myndum

Hjónin Mary og Michael, sem eiga einn uppkominn son, Joel, hafa fjarlægst hvort annað verulega að undanfögnu, talast lítið við og standa nú bæði í framhjáhaldi – án þess þó að vita af framhjáhaldi hins. Getur það endað vel?

*The Lovers* er gamansöm mynd um ást, hjónaband, skuldbindingar og verulega vonða stöðu. Mary á í ástarsambandi við sér mun yngri mann, Robert, og Michael er að hitta dansarann Lucy á laun. Alvara er hlaupin í þessi nýju sambönd beggja og hafa þau hvort fyrir sig lofað elskanda sínum að hjónabandinu sé lokið og að þau muni fljótlega segja hinu frá sambandinu og fara fram á skilnað. Það eina sem stendur í veginum er að sonur þeirra Joel er væntanlegur í heimsókn ásamt unnustu sinni og þá heimsókn vilja þau bæði hafa að baki þegar þau segja hvort öðru tíðindin. En þá gerist nokkuð undarlegt sem breytir öllu ...

**Punktur** .....


★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *R. Stone*  
★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Time* ★★★★★ - *Variety*



**Aðalhlutv.:** Debra Winger, Tracy Letts, Aidan Gillen og Melora Walters **Leikstj.:** Azazel Jacobs **Útg.:** Sena

Gamandrama

22. mars



## Little Bitches

Þrjár vinkonur – þrjár leiðir

Vinkonurnar og skólafélagarnir Annie, Marisa og Kelly eru við það að ljúka námi í grunnskóla og biða nú eftir að sjá hvort umsókn þeirra um menntaskólavist verður samþykkt. Til að gera hlutina spennandi lofa þær hver annarri því að opna ekki bréfin frá menntaskólanum fyrr en á lokaballinu.

*Little Bitches* er ærslafull mynd, en hún gerist frá sjónarhóli unglunga sem eru komnir á þær krossgötur að segja skilið við sakleysi æsku sinnar og takast á við lífið upp á eigin spýtur. En áður en að því kemur þurfa vinkonurnar þrjár sem fara hér fremstar í flokki að gera upp ýmis mál bæði gagnvart sjálfum sér og öðrum. Þau uppgjör eru af margvíslegum toga en eiga það sameiginlegt að þeim þarf að vera lokið áður en kemur að lokaballinu með tilheyrandi partístússi og þeirri stundu þegar vinkonurnar opna bréfin frá skólunum og sjá inn í framtíðina ...



**Aðalhlutv.:** Jennette McCurdy, Kiersey Clemons og Virginia Gardner **Leikstj.:** Nick Kreiss **Útg.:** Sena

Gamanmynd

22. mars



## Kidnap

Spennymynd / Hasar



**Aðalhlutverk:** Halle Berry, Lew Temple, Chris McGinn, Malea Rose, Sage Correa, Dana Gourrier og Justin Lebrun **Leikstjórn:** Luis Prieto  
**Útgefandi:** Myndform

23. mars



Karla reynir hvað hún getur til að stöðva bíl ræningjanna en allt kemur fyrir ekki og í framhaldinu neyðist hún til að hefja eftirför.

### Veistu svarið?

Halle Berry lék í sinni fyrstu mynd, *Jungle Fever*, 25 ára gömul árið 1991 og hlaut Óskarinn 10 árum síðar fyrir túlkun sína á ekkjunni Leticia Musgrove í myndinni *Monster's Ball* eftir Marc Foster. En hvaða stökkbreyting lék hún síðar í *X-Men*-myndunum?



Oriro Munroe / Storm

## Hvað sem það kostar!

Karla Dyson er fráskilin móðir sex ára stráks, Frankies, vinnur á veitingastað og er bara nokkuð sáttt við lífið og tilveruna. Dag einn þegar hún á frí fer hún með Frankie í skemmtigarð en rétt eftir komuna þangað hringir síminn. Eftir stutt símtalið áttar Karla sig á að Frankie er horfinn og að honum hefur verið rænt!

Þannig hefst þessi hraða spennu- og hasarmynd sem segja má að sé ein samfelld þeysireið frá upphafi til enda. Karla hefur að sjálf-sögðu þegar leit að Frankie og nógu snemma til að sjá hvar hann er dreginn upp í bíl sem síðan er ekið á brott. Karla reynir hvað hún getur til að stöðva bílinn en þegar það tekst ekki neyðist hún til að hefja eftirför. Því miður þá missti hún símann sinn þegar hún hékk á bíl ræningjans þannig að hún getur ekki gert lögreglunni viðvart og framundan er svakalegur eltingaleikur þar sem allt getur gerst ...



Venjuleg ferð í skemmtigarðinn breytist í algjöra martröð fyrir Körlu Dyson þegar syni hennar er rænt, nánast fyrir framan nefið á henni.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Screen* ★★★★★1/2 - *Variety*  
★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *Entert. Weekly* ★★★★★ - *Time Out*

• Myndin var öll tekin í New Orleans og nágrenni og er leikstýrt af Spánverjanum Luis Prieto sem árið 2002 varð fyrsti leikstjórinn til að hljóta verðlaun á Tribeca-kvikmyndahátíðinni sem Robert De Niro stofnaði til í New York það sama ár. Verðlaunin hlaut hann fyrir sína fyrstu mynd, stuttmyndina *Bamboleho*, en á meðal bíómynda sem Luis hefur síðan gert má nefna myndirnar *Condón Express*, *Ho voglia di te*, *Meno male che ci se* og hina ensku útgáfu myndarinnar *Pusher* sem Nicolas Winding Refn gerði upphaflega árið 1996.



Halle Berry leikur Körlu Dyson sem er ákveðin í að gefa ekkert eftir í æsilegum eltingaleiknum sem framundan er.

## Welcome to Leith

Stundum er raunveruleikinn hrollvekja – og öfugt

Mögnuð heimildarmynd um atburði sem áttu sér stað í smábænum Leith í Norður-Dakóta þegar þekktur forréttindasinni sem aðhylltist nasisma flutti til bæjarins og fór ekki leynt með að hann hygðist ná pólitískum völdum með því að stofna nýlendu í bænum fyrir fólk með sömu skoðanir og hann.

Það var ekkert ólöglegt við hugmyndir Craigs Cobb í sjálfu sér eða áætlun hans. Fólk má flytja á milli bæja, kaupa land eins og hann gerði, aðhyllast vopnaburð og hafa uppi áætlun um að ná pólitískum völdum. En fólkinu sem bjó í þessu fámenna bæjarfélagi leist ekkert á blikuna og sameinaðist í því skyni að hrekja Craig í burtu og stöðva áætlun hans í fæðingu. Vandamálið var að Craig hafði löginn sín megin og má því segja að myndin varpi fram þeirri spurningu hvort sé rétt hærra, meirihlutavilji eða löginn sem ganga þvert á þann meirihlutavilja ...

**Punktur** .....

★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *Variety*  
★★★★★ - *Guardian* ★★★★★1/2 - *CineVue* ★★★★★1/2 - *Village Voice*



VOD 12 85 min

**Höfundar:** Michael Beach Nichols og Christopher K. Walker **Útgefandi:** Myndform

Heimildarmynd

23. mars

## Hinrik hittir ...

Bráðskemmtilegar teiknimyndir fyrir börn á leikskólaaldri

Hinrik er lítill drengur sem eins og aðrir á hans aldri er forvitinn um allt og duglegur við að spyrja spurninga. Það kemur sér því vel að á hverjum degi hittir hann alltaf einhverja nýja persónu sem getur svarað forvitni hans.

Teiknimyndapættirnir um Hinrik hafa notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum, þ. á m. á RÚV. Í þessum þáttum geta allir talað, bæði dýr, jurtir og hlutir og það nýtir Hinrik sér til að spyrja þeirra spurninga sem hann vill fá svör við. Á hverjum degi hittir hann einhvern eða eitthvað til að tala við og útkoman er alltaf fróðlegt samtal þar sem Hinrik fær forvitni sinni svarað. Þessi fyrsta VOD-útgáfa inniheldur fyrstu 7 þætti seríunnar.



VOD L 86 min

**Teiknimyndir** um hann Hinrik sem hittir nýjar persónur á hverjum degi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

23. mars



## Uppgötvaðu hvað þú ert

Thelma er nemandi í háskóla sem verður hrifin af samnemanda sínum, Önju, en reynir að fara leynt með tilfinningar sínar til hennar enda hrædd við að opinbera kynhneigð sína. Við það losnar úr læðingi gríðarleg orka úr undirmeðvitund hennar sem hún hefur enga hugmynd um hvernig á að beisla.

*Thelma* er tvímælaust ein besta norska mynd síðasta árs og þótt víðar væri leitað og það er alveg óhætt að lofa þeim sem gaman gætu haft af dularfullum ráðgátum með rómantísku ívafi og óvæntri framvindu og fléttum að þetta er mynd fyrir þá. Um leið má segja að *Thelma* sé einnig spennumynd enda kemur í ljós að orkan sem býr innra með Thelmu getur verið banvæn við ákveðnar aðstæður ...



Joachim Trier leikstjóri og aðalleikona myndarinnar, Eili Harboe, en hún þykir túlka Thelmu á óaðfinnanlegan hátt í myndinni.

## Thelma

Sálfræðidrama / Fantasía / Ráðgáta



**Aðalhlutverk:** Eili Harboe, Kaya Wilkins, Henrik Rafaelsen, Ellen Dorrit Petersen, Anders Mossling og Grethe Eltervåg **Leikstjórn:** Joachim Trier **Útgefandi:** Myndform

23. mars



Þær Thelma og Anja verða elskendur en það eykur verulega þá innri spennu sem sú síðarnefnda finnur sífellt til vegna tilfinninga sinna.

### Veistu svarið?

Leikstjóri myndarinnar Joachim Trier (já, hann er skyldur Lars von Trier) hefur sagt í viðtölum að ein af hans uppáhaldsmyndum sé myndin *Don't Look Now* sem Nicolas Roeg sendi frá sér árið 1973. Hvaða leikarar fóru með aðalhlutverkin í henni?



Julie Christie og Donald Sutherland.

## Punktar .....

★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★ - *Indiewire* ★★★★★ - *The Telegraph*  
 ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★1/2 - *H. Reporter*  
 ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★1/2 - *The New York Times*

- *Thelma* hefur eins og sést fengið afar góða dóma gagnrýnenda auk óteljandi verðlauna á kvikmyndahátíðum og hún var framlag Norðmanna til Óskarsverðlaunanna í ár sem besta erlenda mynd ársins.
- *Thelma* er fjórða mynd leikstjórans Joachims Trier í fullri lengd en síðasta mynd hans, *Louder Than Bombs*, færði honum m.a. norsku Amanda-kvikmyndaverðlaunin fyrir leikstjórnina og handritið og tilnefningu til Gullpálmans í Cannes fyrir leikstjórnina.
- Þess má geta til gamans að leikkonan Eili Harboe sem leikur Thelmu er á heimavelli í myndinni því hún stundar einmitt nám við sama skólann og Thelma gerir í myndinni.



Óhætt er að lofa að framvindan í *Thelma* kemur hressilega á óvart. Hér er Henrik Rafaelsen í einu atriði hennar.



## Justice League

**Ævintýri / Ofurhetjur**



**Aðalhlutverk:** Ben Affleck, Gal Gadot, Jason Momoa, Henry Cavill, Ray Fisher, J.K. Simmons, Amy Adams, Ezra Miller, Ciarán Hinds, Robin Wright og Amber Heard **Leikstjórn:** Zack Snyder **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

**26. mars**



### Veistu svarið?

Leikstjórnin Zack Snyder gerði sína fyrstu mynd sem leikstjóri, *Dawn of the Dead*, árið 2004 en hún var mjög góð endurgerð samnefndrar myndar sem var frumsýnd árið 1978. Hvaða þekkti hrollvekjumeistari var höfundur og leikstjóri þessarar myndar?



George A. Romero

## Sameinuð munu þau standa

Dauði Supermans í kjölfar sjálfsfórnar hans hefur fyllt Batman auknum krafti og eftir að hann og Wonder Woman taka höndum saman ákveða þau að fá til liðs við sig þá Aquaman, The Flash og Cyborg. Baráttan snýst um að bjarga mannkyninu frá útrýmingu og aðalóvinurinn er hinn ægilegi Steppenwolf.

Ofurhetjumyndir hafa verið á meðal vinsælustu bíómynda síðari ára og þeir eru vafalaust fjölmargir sem nú biða spenntir eftir að stórmyndin *Justice League* komi á sjónvarpsleigurnar 26. mars.

Hér sameina ofurkrafta sína þekktar persónur DC Comics-teikniblaðanna en upptaktinn að þeirri sameiningu mátti sjá í myndinni *Batman v Superman: Dawn of Justice*. Hér bætast í hópinn hinir öflugtu The Flash, Aquaman og Cyborg. Auk þeirra koma fleiri ofurhetjur að sjálfsgöðu við sögu eins og t.d. Mera, eiginkona Aquamans og drottning Atlantis, og auðvitað Superman, en hvernig honum tekst að snúa aftur er eitt af leyndarmálum myndarinnar ...



Fimm af aðalleikurum *Justice League* eru þau Ben Affleck (Batman), Ezra Miller (Flash), Gal Gadot (Wonder Woman), Ray Fisher (Cyborg) og Jason Momoa (Aquaman). Auk þeirra koma fjölmargar aðrar persónur úr ofurheiminum við sögu í myndinni, allar í túlkun frægra leikara.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Los Angeles Times*  
★★★★ - *Variety* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *Verge*

- Fyrir utan aðal- og aukahetjur myndarinnar koma ýmsar aðrar persónur úr DC-blöðunum við sögu, bæði gamalkunnar og nýjar, og má þar t.d. nefna Antiope og Hippolytu drottningu, Lex Luthor, Mörthu Kent, Gordon lögreglumann, Alfred þjón Bruce Wayne, Henry Allen, Lois Lane, Menalippu, Iris West og dr. Silas Stone, en leikhópurinn sem fer með þau hlutverk er stórstjörnum prýddur.

- Nokkrir Íslendingar komu að gerð *Justice League* en hún var að hluta tekin upp hér á landi, þar á meðal í Djúpuvík á Ströndum.





*the* **KILLING** of a  
**SACRED DEER**

**The Killing of a Sacred Deer**

Sálfræðitryllir



**Aðalhlutverk:** Colin Farrell, Nicole Kidman, Alicia Silverstone, Barry Keoghan, Raffey Cassidy, Sunny Suljic og Bill Camp **Leikstjórn:** Yorgos Lanthimos **Útgefandi:** Myndform

**28. mars**



Eiginkonu Stevens, Önnu (Nicole Kidman), er brugðið þegar hún uppgötvar hið hræðilega leyndarmál út fortíð Stevens.

**Veistu svarið?**

Leikstjórinn Yorgos Lanthimos er á meðal sérstæðustu leikstjóra heims enda vekja myndir hans alltaf mikið umtal. Svo var einmitt um síðustu mynd hans, *The Lobster*, sem Colin Farrell lék einnig í en hver lék aðalkvenhlutverkið í þeirri mynd?



Rachel Weisz

**Einhver verður að borga**

Í fyrstu virðist sem líf hjartaskurðlæknisins Stevens Murphy og fjölskyldu hans gæti vart verið betra enda hafa þau allt til alls. En Steven byrgir inni mistök úr fortíðinni og þegar ungur drengur að nafni Martin leggur á hann bölvun neyðist Steven til að horfast í augu við leyndarmál sitt og gera mistökin upp.

Þessi nýjasta mynd gríska leikstjórans Yorgos Lanthimos hefur vak- ið óskipta athygli og hlotið frábæra dóma þeirra sem kunna að meta stíl hans, en segja má að myndir hans einkennist af því að þær gerast í öðrum raunveruleika en við þekkjum, nokkurs konar hlið- arveröld. Svo er einnig með söguna í *The Killing of a Sacred Deer* sem eins og aðrar sögur Yorgos situr lengi í minni áhorfandans ...



Colin Farrell leikur hjartaskurðlækninn Steven sem þarf ásamt fjöl- skyldu sinni að gjalda fyrir mistök sem hann gerði fyrir tíu árum.

**Punktar** .....

★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *H. Reporter* ★★★★★ - *Telegraph*  
★★★★1/2 - *Screen* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *R. Stone*  
★★★★1/2 - *CineVue* ★★★★★1/2 - *Guardian* ★★★★★1/2 - *T. Film*

- Leikstjóri myndarinnar, Yorgos Lanthimos, sækir innblásturinn að sögunni í *The Killing of a Sacred Deer* í grískan harmleik um Agamemnon konung, bróður Menelaus eiginmanns hinnar fögru Helenu sem París nam á brott og tók með sér til Tróju. Eftir að Agamemnon móðgar gyðjuna Artemis neitar hún honum um vind í seglin svo hann geti siglt flota sínum til Tróju nema hann fórni dóttur sinni, Iphigeniu. Agamemnon átti engra kosta vöð og ákvað að fórna dótturinni en rétt áður en það gerðist breytti Artemis henni í dádýr sem Agamemnon drap þá í staðinn fyrir hinn mannlega líkama dóttur sinnar.
- Þetta er í annað sinn sem Colin Farrell leikur aðalkarlhlutverkið í mynd eftir Yorgos Lanthimos en það gerði hann einnig í *The Lobster*.



Barry Keoghan leikur örlagavaldinn í sögunni, hinn unga Martin, sem leggur álög á Steven og fjölskyldu hans uns hann fær uppgjör.





## Paddington 2

Gamanmynd



**Íslensk talsetning:** Sigurður Þór Óskarsson, Orri Huginn Ágústsson, Steinn Ármann Magnússon, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Arnar Jónsson, Viktor Már Bjarnason, Júlía Hannan, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir, Aron Máni Tómasson, Laddi o.m.fl. **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Útgefandi:** Myndform

28. mars



Paddington með gjöfina góðu, bókina sem hann ætlar að gefa frænku sinni í afmælisgjöf. En svo er bókinni stolið úr búðinni og það versta er að lögreglan telur Paddington vera þjófinn!

### Sami bangsinn – nýtt ævintýri

Önnur bíómyndin um góðhjartaða, ljúfa en dálítið óheppna bangsann Paddington er snilldarverk eins og fyrri myndin og um leið alveg dásamleg skemmtun fyrir fólk á öllum aldri.

Í þessari nýju mynd um bangsann Paddington lendir hann í mikilli klemmu þegar óprúttinn þjófur stelar fágætri bók sem Paddington ætlaði að kaupa til að gefa frænku sinni í afmælisgjöf. Þjófurinn lætur sig svo hverfa á dularfullan hátt en með þeim afleiðingum að lögreglan heldur að Paddington sé þjófurinn. Svo er auðvitað ekki en þangað til Paddington getur hreinsað af sér sakirnar er honum stungið í fangelsi. Þar eignast hann fljótlega marga góða vini sem eiga áreiðanlega eftir að hjálpa honum að hafa uppi á hinum rétta þjófi og endurheimta bókina góðu úr höndum hans ...



Í þessu nýja ævintýri lendir Paddington í fangelsi fyrir misskilning en er auðvitað ekki lengi að vinna alla fangana á sitt band.

### Punktur .....

★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Screen*  
 ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★ - *H. Reporter*  
 ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Total Film*

• *Paddington 2* hefur eins og sést á stjörnujöfinni hér fyrir ofan hlotið frábæra dóma gagnrýnenda sem eru samhljóða um að hún sé a.m.k. jafn góð og fyrri myndin, ef ekki betri og enn myndnari.





## Alena

Ekki reita hana til reiði

**Alena er rólynd stúlka sem kemur til dvalar og náms í dýrum einkaskóla fyrir stúlkur. Vegna þess hversu hlédræg hún er vekur hún fljótlega andúð Filippu skólasystur sinnar sem byrjar að áreita hana við hvert tækifæri og veit auðvitað ekki að Alena á vin sem lætur ekki bjóða henni hvað sem er!**

*Alena* er fyrsta mynd sænska leikstjórans Daniels di Grado í fullri lengd og hefur hún fengið fína dóma í heimalandinu. Sagt er að hann sæki dálítið stílinn í myndir Brians De Palma enda er sagan sem myndin er byggð á ekki ósvipuð sögunni um Carrie eftir Stephen King sem Brian kvikmyndaði einmitt eins og allir vita 1976. Myndin hefst á tiltölulega rólegum nótum en þegar um það bil 30 mínútur eru liðnar af henni tekur atburðarásin algjörum stakkaskiptum enda er þá bestu vinkonu Alenu, Josefin, nóg boðið og ákveður að grípa til sinna ráða ...

**Punktur** .....

- Myndin er byggð á samnefndri teiknimyndasögu eftir Kim W. Andersson.



Þessi sænski tryllir hefur fengið góða dóma og á eftir að skjóta mörgum skelk í bringu.



**Aðalhlutverk:** Amalia Holm, Molly Nutley og Felice Jankell  
**Leikstjórn:** Daniel di Grado **Útgefandi:** Myndform

Tryllir

28. mars



## Heiða

Saga um hugljúfa stúlku sem bætir allt og alla

**Nýir teiknimyndabættir, byggðir á hinni sígildu bók um Heiðu eftir svissneska rithöfundinn Johönnu Spyri, en hún kom upphaflega út árið 1881.**

Bók Johönnu Spyri um Heiðu er þjóðargersemi í Sviss enda eitt þekktasta bókmenntaverk Svisslendinga fyrr og síðar. Sagan er eins og flestir vita um hina sex ára gömlu og munaðarlausu Heiðu sem flytur upp í Alpana til afa síns, en hann er sérvitur einsetumaður, hvumpinn og önugur við flesta sem hann hittir. En koma Heiðu á fljótlega eftir að gjörbreyta viðhorfum hans til lífsins enda getur enginn verið í vondu skapi lengi sem hefur þessa lífsglöðu, skemmtilegu og snjöllu stúlku sér við hlið.



**Punktur** .....

- Þessi útgáfa inniheldur þætti 25 til 28 í seríunni en fyrri þættirnir, þættir 1 til 24, ættu allir að vera enn fánlegir á VOD-leigunum.




Þessir nýju teiknimyndabættir um Heiðu þykja alveg einstaklega vel gerðir.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um hina góðhjörтуðu og síglöðu Heiðu **Útgefandi:** Myndform

Teiknimyndir

28. mars



VOD L 83 min

**Aðalhlutverk:** John Corbett, Cara Buono, Myles Moore og Barry Corbin **Leikstjóri:** Steve Gomer **Útgefandi:** Sena

Fjölskyldumynd

29. mars

## All Saints

Vonin er til alls fyrst

Michael Spurlock er fyrrverandi viðskiptamaður sem ákveður að gerast forstöðumaður lítillar kirkju í Tennessee, en vegna þess hve fámennur söfnuðurinn er orðinn hefur verið ákveðið að loka henni og fjarlægja. Því vill Michael ekki una og er staðráðinn í að finna leið til að bjarga fjárhag kirkjunnar svo hún fái að standa óhöggð og sinna sínu hlutverki áfram.

*All Saints* er áhrifarík mynd sem er kjörin til áhorfs fyrir alla fjölskylduna, jafnt trúaða sem trúlaus, því þótt sagan snúist vissulega um kirkju og trú er hún samt fyrst og fremst dæmisaga um styrk mannsandans þegar erfiðleikar blasa við og um það hverju samheldni getur komið til leiðar. Þegar nokkrar flóttafjölskyldur frá Burma flytja í sveitina fær Michael þá hugmynd að ef hann gæti breytt landi kirkjunnar í ræktarland með aðstoð þeirra þá gæti kirkjan bjargast. En til að geta hrint hugmyndinni í framkvæmd þarf hann fyrst að fá fólkið til að samþykkja hana ...

**Punktur** .....

★★★★★ - *H. Reporter* ★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★1/2 - *Variety*



John Corbett leikur prestinn Michael Spurlock í þessari sannsögulegu mynd.



VOD 16 105 min

**Aðalhlutverk:** Scott Adkins, Ray Stevenson, Ashley Greene og David Paymer **Leikstjóri:** Jesse V. Johnson **Útgefandi:** Sena

Hasar / Grín

29. mars

## Accident Man

Sex morðingjar - og einn þeirra þarf að deyja

*Accident Man* eftir Jesse V. Johnson er glæný mynd sem hefur verið líkt við blöndu af *John Wick*-myndunum og myndum *Guys Ritchie* eins og *Lock, Stock and Two Smoking Barrels* og *RocknRolla*. Það ætti að segja talsvert.

Myndin gerist í heimi sjö eftirsóttustu leigumorðingja Englands. Af þeim er Mike Fallon þó sá langeftirsóttasti því hann hefur einstakt lag á að láta aftökur sínar líta út fyrir að vera slys eða sjálfsmorð, viðskiptavinum hans til mikillar ánægju. Hinir sex morðingjarnir í hópnum eru líka mjög færir í faginu en nota hefðbundnari aðferðir til að ljúka sínum verkefnum.

Þegar eina konan sem er Mike kær er myrt grunar hann að einn af sex fagfélögum hans hafi verið að verki og við það getur hann ekki unað. En hver er sá seki?

**Punktur** .....


- Myndin er byggð á samnefndri teiknimyndasögu eftir Pat Mills og Tony Skinner.



Mike Fallon er sérfræðingur í að láta aftökur sínar líta út sem slys eða sjálfsmorð.



# TOPP 20



**1**

**The Foreigner**

Eftir að yngsta og eina eftirlifandi dóttir veitingastaðareigandans Quangs lætur lífið í sprengingarás í London leitir hann bæði til lögreglunnar og leyningjónustunnar til að fá það uppgjöf hverjir eru grunaðir um verknadinn, enda ákveðinn í að ganga á milli bols og höfuðs á þeim sjálfur – sem allra fyrst. Þessi hörkugóða mynd er byggð á bók rithöfundarins Stephens Leather, *The Chinaman*, og skartar þeim Jackie Chan og Pierce Brosnan í aðalhlutverkum.

Spennumynd 12



**2**

**The LEGO Ninjago Movie**

Langt, langt í burtu er eyjan og borgin Ninjago. Þar búa þau Lloyd, Jay, Kai, Cole, Zane og Nya sem á daginn þurfa að glíma við skólann, skólalífið og öll hin hversdagsmálin en á kvöldin við alls konar skrimslu og óvætti sem herja á Ninjago auk hins valdgráðuga og illa Lords Garmadon – sem er faðir Lloyds.

Kubbamynd L



**3**

**Litla vampíran**

Anton er þrettán ára gamall strákur sem myndi gefa mikið fyrir að hitta eins og eina vampíru. Honum verður að ósk sinni þegar hann vingast við jafnaldrá sinn Runólfr, en hann er vampíra sem býr í gömlum kirkjugarði. En hætta steðjar að þegar hinn ógnvekjandi vampírubani Rökkfínnur mætir á svæðið!

Teiknimynd L



**6**

**The Snowman**

Þegar rannsóknarlögregluáðurinn Harry Hole fær til rannsóknar hvarf ungrar móður kemst hann fljótlega að því að málið tengist eldri morðmálum þar sem ungar mæður voru myrtar í vetrarbyrjun – um það leyti sem fyrsti snjórin fell. *The Snowman* er byggð á víðfrægri sakamálsögu eftir Jo Nesbø.

Spennumynd 16



**7**

**Kingsman: The Golden Circle**

Eftir að höfuðstöðvar Kingsman-leyniþjónustunnar í Bretlandi eru sprengdar í tætlur leita þeir Gary „Eggsy“ Unwin og Merlin til bandarísku Statesman-leyniþjónustunnar til að fá aðstoð starfsmanna hennar í baráttunni við hættulegasta óvin mannkyns til þessa, glæpasamtökin Gullna hringinn.

Grínhasar 16



**8**

**Only the Brave**

Þann 28. júní 2013 brutust út skógareldar í grennd við smábæinn Yarnell í Arizona-ríki sem vegna óhagstæðra vinda urðu fljótlega að mestu og mannskæðustu skógareldum sem brotist hafa út í Arizona síðan land þar var numið. Þessi frábera mynd er um þessa miklu elda og mennina sem tókust á við þá.

Sannsögulegt 12



**9**

**My Little Pony: Bíómyndin**

Lífið í höfuðborg smáhestanna einkennist af gleði, söng, ævintýrum og órjúfanlegum vinaböndum. En þegar hin vonda og valdgráðuga Tempest Shadow ákveður að taka völdin ásamt ófrýnlegum þjónum sínum neyðast smáhestarnir undir forystu prinsessunnar Skystar til að grípa til sinna ráða.

Teiknimynd L



**10**

**Emoji-myndin**

Broskallinn Gene býr ásamt aragrúa alls kyns tákna í Emoji-borg á milli appanna í símanum. Gene er svokallað „mehtákn“ en hefur litla stjórn á svipbrigðum sínum og hin tákni í borginni eru hrædd um að síminn verði straujaður komist eigandinn að vandamálinu. Hvað getur Gene gert í málinu?

Teiknimynd L



**11**

**Wreck-It-Ralph**

Stórskemmtileg teiknimynd um persónu í tölvuleik, Wreck-It-Ralph, sem er orðinn leiður á að vera „vondi kallinn“ og langar til að verða ein af hetjunum í staðinn. Eftir að slökkt er á tölvunni reynir hann sitt besta til að láta þennan draum rætast en afleiðingarnar verða aðrar en hann gat grunað.

Teiknimynd L



**12**

**The House**

Gamanmyndin *The House* er fyrsta mynd Andrews J. Cohen sem leikstjóra en hann skrifaði ásamt félaganum sínum Brendan O'Brien handritin að *Bad Neighbours*-myndunum og *Mike and Dave Need Wedding Dates*. Þeir sem séð hafa þær myndir geta áreiðanlega giskað á hvaða léttgægjaði hómur er hér á ferðinni.

Gamanmynd 16



**13**

**The Mountain Between Us**

Stórleikararnir Kate Winslet og Idris Elba fara hér á kostum í spennandi mynd um tvo ólíka einstaklinga sem þurfa að snúa bókum saman í neyð þegar flugvélf sem þau höfðu tekið á leigu hrapar niður í fjallendi þar sem langt er í næstu byggð. Framundan er lífsbarátta sem á eftir að fara ódruvisi en þau gátu átt von á.

Drama 12



**14**

**The Incredibles**

Teiknimyndin um „Hin ótrúlegu“ kom út árið 2004 og er ein besta teiknimyndin frá Pixar og að margra mati sú fyndnasta. Sagan er um Parr-fjölskylduna, foreldra og þrjú börn þeirra, sem eru öll gædd ofurkröftum. Þau langar til að lifa venjulegu fjölskyldulífi en þegar hætta steðjar að heiminum verða þau að bregðast við.

Teiknimynd L



**15**

**Undir trénu**

*Undir trénu* er kolsvört kómedía með þrillerívafl en hér segir frá hjónunum Ingu og Baldvini sem lenda í stigvaxandi deilum við nágranna sína vegna trís á lóð þeirra fyrrnefndu sem er farið að skyggja á lóð og sólpall þeirra síðarnefndu. Hvað er það versta sem getur gerst þegar svona mál koma upp?

Gamandrama 12



**16**

**Detroit**

Áhugafólk um frábærar kvikmyndir ætti ekki að láta *Detroit* fram hjá sér fara, sér í lagi þeir sem kunnað hafa að meta myndir Kathryn Bigelow, t.d. tvær þær síðustu, *The Hurt Locker* og *Zero Dark Thirty*. *Detroit* er af sama meidi, einstaklega vel gerð og leikin mynd sem heldur áhorfendum á sætisbrúnni...

Sannsögulegt 16



**17**

**Fifty Shades Darker**

*Fifty Shades Darker* er beint framhald fyrstu bókarinnar um ástarsamband Anastasíu Steele og Christians Grey og hefst aðeins nokkrum dögum eftir að henni lauk með sambandslitum. Við þau er Christian hins vegar afar ósáttur og bíðlar til Anastasíu að halda áfram að hitta sig, en nú á hennar forsendum.

Erótík 16



**18**

**Brimming With Love**

Allie Morgan vinnur á skrifstofu dagblaðs og í leit að vídfangsefni í grein rekst hún inn á kaffihús eitt sem er þekktast fyrir það að eigandinn, Sam, þykir afar fær í að kynna fólk sem þassar fyrir hvort annað og hefur átt þátt í stofnun margra farsælla ástarsambanda. Sjálfur er hann hins vegar á lausu...

Rómantik L



**19**

**Monsters, Inc.**

Pixar-teiknimyndin um félagana Sullivan og Mike og öll hin skrimslin í Skrimslaborg kom út árið 2001 og hefur allar götur síðan notið vinsælda. Þeir Sullivan og Mike sinna því verkefni að hræða börn til að fá orku úr óskrum þeirra en þegar eitt barnið fylgir þeim yfir í þeirra veröld vandast málin.

Teiknimynd L



**20**

**Flatliners**

Hvernig er að deyja? Verður allt svart og bara tómið eitt, eða sér maður eitthvert ljós eins og sumir sem hafa verið lifgaðir við hafa sagt að þeir hafi séð? Hvernig er að vera dáinn? Hvert fer vitundin? Er líf eftir dauðann? *Flatliners* er spennutryllir sem fær hárin örugglega til að rísa!

Tryllir 16



# FIFA HM BIKARINN

KEMUR TIL ÍSLANDS ÞANN 25. MARS  
OG VERÐUR TIL SÝNIS Í SMÁRALIND.



**FIFA  
WORLD  
CUP™  
TROPHY  
TOUR**






## Bravo Team

### Glænýr skotleikur fyrir PlayStation VR-græjuna.

Hér lenda leikmenn í því að vera umkringdir hættum í landi sem er að liðast í sundur. Eina markmiðið er að lifa af og fá leikmenn að upplifa adrenalínið sem fylgir því að taka þátt í bardögum, auk þess sem þeir þurfa að taka taktískar ákvarðanir á augnabliki.



**Tegund:** Skotleikur  
**Kemur út á:** PS4  
**PEGI aldurstakmark:** 16+  
**Útgáfudagur:** 7. mars  
**Framleiðandi:** Sonu I.E.  
**Útgefandi:** Sena



## Ni No Kuni 2

Eftir að hinum unga konungi Evans er steypt af stóli þarf hann að leggja af stað í hættuför til að stofna nýtt konungsveldi, sameina heiminn og vernda íbúana fyrir illum öflum sem ógna tilvist þeirra.

Hér fá leikmenn að slást í för með honum í ógleymanlegu ævintýri sem þurrkar út línurnar á milli þess að vera tölvuleikur og teiknimynd. Leikurinn er gerður af LEVEL-5 og inniheldur heillandi persónur eftir listamanninn Yoshiyuki Momose.



**Tegund:** Hlutverkaleikur  
**Kemur út á:** PS4  
**PEGI aldurstakmark:** 12+  
**Útgáfudagur:** 23. mars  
**Framleiðandi:** Bandai Namco  
**Útgefandi:** Sena



## A Way Out

*A Way Out er sérhannaður til að spila með öðrum (co-op), hvort heldur það séu tveir saman hlið við hlið eða í gegnum netið.*

Leikmenn stýra tveimur fögum sem þurfa að undirbúa og framkvæma flóttu úr fangelsi sem er með hæsta öryggisstig. Hann byrjar sem sagt sem æsispennandi flótti og eltingaleikur, en breytist svo í ævintýri sem á engan sinn líka, fullt af hasar og öllum tilfinningaskalanum. *A Way Out* er tveggja manna upplifun, en hvor leikmaður stýrir öðrum af tveimur aðalpersónum leiksins og þurfa þannig að vinna saman í gegnum leikinn til að klár'ann.



**Tegund:** Hasarleikur

**Kemur út á:** PS4 og Xbox One

**PEGI aldurstakmark:** 18+


**Útgáfudagur:** 23. mars

**Framleiðandi:** EA Games

**Útgefandi:** Sena

### Leikurinn inniheldur, m.a.:

- **Sérniðna co-op spilun** – Allur leikurinn er hannaður frá grunni til að vera spilaður af tveimur leikmönnum í einu.
- **Fjölbreytt spilun** – Leikurinn inniheldur þrautir, ævintýri, hasar, eltingaleiki og atriði þar sem læðast þarf um þegar umhverfið er skoðað betur.
- **Stórbrotinn söguþráð** – Sagan fylgir aðalpersónunum og leyfir leikmönnum að skygnast inn í fortíð þeirra og kynast ástæðum þeirra betur.





**Tegund:** Skotleikur

**Kemur út á:** PS4, Xbox One og PC

**PEGI aldurstakmark:** 18+

**Útgáfudagur:** 27. mars

**Framleiðandi:** Ubisoft

**Útgefandi:** Myndform

### Leikurinn inniheldur, m.a.:

- **Óþrjótandi spilunarmöguleika.** Spilaðu leikinn á eigin vegum eða kallaðu á aðstoð annarra spilara ... eða fáðu atvinnumenn til aðstoðar. Þú mátt vera viss um að það verður enginn skortur á öflugum vopnum og möguleikum í *Far Cry 5*.

- **Öflugri gervigreind.** Þegar þú gerir árás þá gera liðsmenn Josephs árás til baka, um það máttu vera viss. Og eftir því sem þú verður beittari og betri í þínum aðgerðum því öflugri verða þeir í vörninni og gagnárásum!

- **Víðlendustu veröld sem sést hefur í *Far Cry*-seríunni til þessa.** Hvort sem þú læðist, gengur, hleypur, ekur eða flýgur þá er ekkert svæði í hinni opnu veröld lokað fyrir þér. Farðu hvert sem þú vilt hvenær sem þú vilt og ekki klikka á að renna fyrir fisk eða afla þér annarrar villtrar fæðu!

- **Kíkið endilega á nánari kynningar á leiknum sem finna má á netinu þar sem farið er yfir hluta af þeim óteljandi möguleikum sem hann býður upp á og skoðið t.d. fyrstu 15 mínúturnar af venjulegri spilun, þ.e. upphafið að því sem koma skal!**

## Far Cry 5

### Þinnar aðstoðar er þörf!

Velkomin(n) til Hope-sýslu í Montana þar sem dómsdagssöfnuður sem nefnist The Project at Eden's Gate hefur haldið samfélaginu í heljargreipum, heft frelsi íbúanna og myrt marga þeirra. Þitt hlutverk er að bjóða leiðtoga safnaðarinnar, Joseph Seed, byrginn, leiða uppreisn gegn honum og mönnum hans og frelsa samfélagið úr greipum þeirra í eitt skipti fyrir öll. Í hinum risastóra opna heimi verða þér engin takmörk sett í baráttunni önnur en þau að þú þarft ávallt að hafa augun opin og vera viðbúin(n) árásum úr óvæntri átt.







Chris Pratt ásamt fimm ára syni sínum og Önnu Faris, Jack, þar sem þeir voru á tröllabílakeppni á Engleleikvanginum í Los Angeles 24. febrúar. „Hann elskar trukka“, sagði Chris.



Jennifer Lopez er í hörkuformi eins og alltaf enda útheimta sýningar hennar í Las Vegas mikla orku. Hér lyftir einn dansarinn henni upp á sýningunni sem fór fram 23. febrúar.



Leikkonan Michelle Monaghan ásamt eigmanni sínum, Peter White, þar sem þau voru mætt á forsýningu myndarinnar *The Vanishing of Sidney Hall* í Los Angeles 22. febrúar.



Það er alveg óhætt að segja að leikkonan Chrissy Teigen, sem gengur með barn sitt og tónlistarmannsins Johns Legend í maganum, hafi fitnað fagurlega á meðgöngunni.



Leikararnir Robert Pattinson og Tom Sturridge eru æskufélagar sem létu smella mynd af sér þegar þeir hittust í Los Angeles 19. febrúar, enda hátt í tvö ár frá því þeir sáuast síðast.



Kate Hudson og unnusti hennar, Danny Fujikawa, skruppu í sólina og sumarylinn í Ástralíu á dögunum þar sem þessi mynd var tekin af þeim í göngutúr í Sídney 19. febrúar.